

LÖGMANNABLAÐIÐ

30 ára

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS




1. TBL. 30. ÁRG. 2025

Listamaður
lögfræðinnar

Breytt fyrirkomulag
við úthlutun þrotabúa

Gervigreind: Lögfræðin
er mætt til leiks

Frelsi krefst
fyrirhafnar



LOGOS

Lögfræðipjónusta fyrir íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf

Heiðarleiki, fagmennska og metnaður er sá
grunnur sem velgengni LOGOS byggir á.

Efnisyfirlit

Félagsmál

- 4 | Sjálfstæði lögmanna
- 6 | Lögmannaþað í 30 ár
- 8 | Til stuðnings American Bar Association
- 18 | Um 300 manns sóttu ráðgjöf 2024
- 31 | Gluggað í félagatal
- 61 | Stafrænn sérfræðingur
- 62 | 30 ára afmæli Lögmannaþaðs
- 65 | Nýir lögmenn útskrifast
- 66 | Hver/Hvað/Hvert

Lögmennskan

- 14 | Um forflutning
- 20 | Listamaður lögfræðinnar
- 22 | Þjónn, það er súpa í minnisblaðinu mínu!
- 26 | Er prófmál mál?
- 41 | Sáttmáli Evrópuráðsins
- 44 | Skylda um endurmenntun lögmanna
- 47 | Af vettvangi úrskurðarnefndar
- 48 | Lögmennska úr fjarlægð
- 60 | Nýjar reglur um stefnu og greinargerð

Umfjöllun

- 10 | Frelsi krefst fyrirhafnar
- 16 | Kaupréttir stjórnarmanna
- 28 | Lögregluaðgerðir yfirvofandi
- 32 | Gervigreind: Lögfræðin er mætt til leiks
- 36 | Hádegisverðarfundur LÍ
- 40 | Gervigreindin er nýja rafmagnið
- 42 | Ný tækni mætir gömlum lagaramma
- 54 | Norræn ráðstefna um verktakarétt
- 56 | Breytt fyrirkomulag við úthlutun þrotabúa

Útgefandi: Lögmannafélag Íslands,
netfang: lmfi@lmfi.is, heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir; unnur@landslog.is

Aðstoðarritstjóri
Eyrún Ingadóttir; eyrun@lmfi.is

Ritnefnd
Arnar Vilhjálmur Arnarsson
Ásgeir Sigurður Ágústsson
Halla Björgvinsdóttir
Hildur Þórarinsdóttir
Hjalti Geir Erlendsson
Peter Dalmay

Hönnun forsíðu
Sítrus stúdíó ehf.

Forsíðumynd
Ragnar Aðalsteinsson á hátíðarmálþingi, honum til heiðurs. Ljósmynd: Sunna Ben. Ljósmyndari.

Umbrot
Kristín Jóna Þorsteinsdóttir stafrænn sérfræðingur.

Prentun
Litróf

Umsjón auglýsinga
Öflun ehf., sími 530 0800; oflun@oflun.is
ISSN 1670-2689

Stjórn LMFÍ
Stefán A. Svensson formaður.
Eva Halldórsdóttir varaformaður.
Hildur Ýr Viðarsdóttir ritari.
Sigrún Helga Jóhannsdóttir gjaldkeri.
Magnús Hrafn Magnússon meðstjórnandi.

Varamenn í stjórn
Auður Björg Jónsdóttir.
Gísli G. Hall.
Guðmundur Ingvi Sigurðsson.

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri.
Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður.
Kristín Jóna Þorsteinsdóttir stafrænn sérfræðingur.

Sjálfstæði lögmanna

Þann 28. mars sl. sendu Norrænu lögmannafélögin frá sér sameiginlega stuðnings-yfirlýsingu til American Bar Association í tilefni atlaða bandarískra stjórnvalda á hendur einstökum lögmönnum og lögmannsstofum vegna hagsmunagæslu þeirra fyrir umbjóðendum sem ekki þóknast stjórnvöldum. Í yfirlýsingunni lýstu lögmannafélögin áhyggjum sínum yfir þróun mála í Bandaríkjunum út frá áhrifum á sjálfstæði lögmannaastéttarinnar og dómstóla. Var meðal annars bent á mikilvægi þess að vernda það mikilvæga hlutverk lögmanna að geta veitt umbjóðendum sínum óháða ráðgjöf, án hættu á að vera beittir pólitískum þrýstingi.



„The purpose of this Convention is to strengthen the protection of the profession of lawyer and the right to practise this profession with independence and without discrimination, improper hindrance or interference, or being subjected to attacks, threats, harassment or intimidation.“

Í sáttmálanum er líka lögð áhersla á mikilvægi sjálfstæðrar lögmannaastéttar, þ. á m. í formi lögmannafélaga („... professional associations are independent, selfgoverning bodies“). Í tilkynningu Evrópuráðsins kemur fram að þetta sé fyrsti þjóðréttarsamningurinn sem hefur þetta markmið um vernd lögmannaastéttarinnar að sérstöku leiðarljósi. Verður vafalítið horft til þeirra grundvallarsjónarmiða sem birtast í sáttmálanum við skýringu ýmissa álitaefna sem reynt getur á í störfum lögmanna, ekki síst í samskiptum við hið opinbera. Þá er tilefni til að skoða hvort og að hversu miklu leyti rétt kann að vera að aðlagða innlenda löggjöf að efni sáttmálans.

Á sama hátt er það grundvallarregla að lögmenn séu ekki samkenndir skjólstæðingum sínum og að samband lögmanns við skjólstæðing sé bundið trúnaði. Var miður að fylgjast með nýlegri umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kveiks, hvers efni bar með sér að fylgst hafi verið með lögmönnum vegna vinnu þeirra fyrir skjólstæðinga; lögmenn, og fjölskyldur þeirra, eiga ekki að þurfa að búa við slíkt.


Það er því ekki úr vegi að fagna því að þann 14. maí sl. staðfestu íslensk stjórnvöld sáttmála Evrópuráðsins til verndar lögmannaastéttinni (e. Council of Europe convention on protecting lawyers) sem ráðið samþykkti fyrr á þessu ári. Samkvæmt sáttmálanum ber aðildarríkjum að tryggja að lögmenn geti sinnt starfsskyldum sínum óáreittir, eða eins og segir í 1. gr. sáttmálans:

Að lokum vil ég þakka fráfarandi ritstjóra Lögmannaþaðsins, Ara Karlssyni og ritstjórnarmeðlimum, fyrir farsæl og óeigingjörn störf í þágu félagsins um leið og nýjum ritstjóra, Unni Lilju Hermannsdóttur, og ritstjórn er óskað heilla og til hamingju með veglegt nýtt Lögmannaþað á 30 ára afmæli þess.

Skjalastjórn með gervigreind

Skjalastjórn byggir stöðugt meir á stafrænum
skjölum sem gervigreind getur lesið.

Hafðu samband og við gerum þér tilboð
í háhraða umbreytingu þinna skjala
hvort sem á pappír, TIF eða PDF.



GAGNAGEYMSLAN

Lögmannaþlað í 30 ár

Árið 1995 kom Lögmannaþlaðið út í fyrsta sinn og hefur útgáfa verið óslitin síðan. Á 30 ára afmæli blaðsins heilsar ný ritstjórn með efnismeira blaði, nýju útliti og stafrænni vegferð. Samhliða útgáfu þessa blaðs mun birtast útgáfa á nýjum vef, www.logmannabladid.is. Um er að ræða lifandi vef sem ætlunin er að uppfæra reglulega. Vefurinn verður tengdur helstu samfélagsmiðlum og mun innihalda fréttir af starfsemi félagsins og af hugðarefnum félagsfólks, hraðar og með meiri útbreiðslu en áður.

Í ritstjórnarpistli fyrsta Lögmannaþlaðsins eftir Marteinn Mátsson, framkvæmdastjóra LMFÍ og ritstjóra, var lögð áhersla á að virkja félagsmenn til að skrifa í blaðið. Taldi hann að fjölmargir lögmenn lumuðu á áhugaverðu efni, sem fengur væri í að sjá á síðum blaðsins. Undir þetta má taka heilshugar 30 árum síðar. Félagsmenn eru hvattir til þess að stinga niður penna og snúa sér til ritstjórnar til birtingar á efni í blaðinu og á vefnum. Má ætla að af nægu sé að taka enda starfið kvíkt, stéttin stækkandi og öll samfélagsgerðin undir.



Í þessu fyrsta blaði nýrrar ritstjórnar má finna fjölbreytt efni af vettvangi félagsins og frá starfandi lögmönnum og lögfræðingum,

sem hafa einnig helgað sig öðrum störfum. Meðal þess sem birtist í blaðinu er grein eftir Þórdísi Kolbrúnu Reykjavíkur Gyldadóttur alþingismann, fyrrverandi utanríkisráðherra og lögfræðing. Hún bendir á að það að vera lögmaður sé ekki hefðbundin launavinna heldur hlutverk, sem í felast ekki aðeins skyldur gagnvart daglegum rekstri, skjólstæðingum og úthlutuðum verkefnum, heldur hlutdeild í göfugri samfélagslegri ábyrgð gagnvart því að standa vörð um réttarríki, einstaklingsréttindi og önnur mannréttindi. Verður ekki deilt um mikilvægi þess og hafa t.a.m. lögmannafélög víða um heim sent frá sér yfirlýsingar nýverið til að standa vörð um réttarríkið, sjálfstæði dómstóla og sjálfstæði lögmanna.

Í LMFÍ eru ríflega 1.000 félagsmenn sem sinna ólíkum störfum, þ.m.t. innan fyrirtækja og stofnana, og eru innanhússlögmenn nú 25% félagsmanna. Ritstjórn endurspeglar það hlutfall nú með ágætum. Fullyrða má að sú aukna breidd í ritstjórn sé til þess fallin að auka fjölbreytni í efnistöfum. Dreifing blaðsins í prentútgáfu nær til lögmannsstofa, fyrirtækja, stofnana, dómstóla og háskóla. Lögmannaþlaðið mun hér eftir koma út í prentútgáfu tvisvar á ári, á öðrum og fjórða ársfjórðungi, í stað fjögurra útgáfudaga. Það er von ritstjórnar að þær breytingar sem hér eru kynntar muni reynast vel fyrir blaðið, stéttina og jafnvel samfélagið allt. ♦



Stéttarfélag lögfræðinga

Stéttarfélag lögfræðinga fyrir alla lögfræðinga og þá sem eru í laganámi í gegnum námsmannaaðild félagsins

Stéttarfélag lögfræðinga gætir hagsmuna lögfræðinga

Við veitum persónulega ráðgjöf

- ✓ í aðdraganda fyrstu ráðningar
- ✓ við gerð ráðningasamninga
- ✓ við undirbúning fyrir starfspróunar- og launaviðtöl
- ✓ við túlkun kjarasamninga

Þú færð aðgang að
menntastyrkjum
auk orlofs- og
sjúkrasjóðum

Sæktu um aðild inn á
stettarfelaglogfraedinga.is

Stéttarfélag Lögfræðinga | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | s: 595-5140 | sl@stettarfelaglogfraedinga.is | stettarfelaglogfraedinga.is



Skráðu þig í félagið
með því að skanna
QR kóðann

Til stuðnings American Bar Association

Þann 28. mars sl. sendu Norrænu lögmannafélögin frá sér sameiginlega stuðningsyfirlýsingu til American Bar Association í tilefni ítrekaðra atлага bandarískra stjórnvalda á hendur einstökum lögmönnum og lögmannsstofum vegna hagsmunagæslu þeirra fyrir umbjóðendur sem ekki þóknast stjórnvöldum. Í yfirlýsingunni lýstu lögmannafélögin áhyggjum sínum yfir þróun mála í Bandaríkjunum út frá áhrifum á sjálfstæði lögmennastéttarinnar og dómstóla, sem sé grundvöllur „Rule of Law“ í lýðræðissamfélögum. M.a. er bent á að pólitísk aðför að lögmönnum varpi ljósi á mikilvægi þess að vernda það mikilvæga hlutverk lögmanna að geta veitt umbjóðendum sínum óháða ráðgjöf, án hættu á að vera beittir pólitískum þrýstingi. Með sama hætti verði dómskerfið að hafa ótakmarkað frelsi til að túlka og beita lögum hlutlaust og án utanaðkomandi áhrifa eða ógnana.

Norrænu lögmannafélögin deila sömu áhyggjum og hafa komið fram af hálfu International Bar Association og American Bar Association um stöðu mála í Bandaríkjunum og leggja áherslu á að sterk og sjálfstæð lögmennastétt sé grundvöllur lýðræðislegra stjórnarháttanna og rétti þegnanna til að bera mál sín undir dómstóla. Enn fremur er í yfirlýsingunni skorað á öll fylki Bandaríkjanna að tryggja sjálfstæði réttarkerfisins og sýna hlutverki þeirra sem innan þess starfa virðingu. Lögmenn á Norðurlöndunum standi með bandarískum starfsbræðrum sínum sem

standa vörð um þessi grundvallargildi í þeim krefjandi aðstæðum sem nú eru uppi.

Þann 10. apríl sendu svo samtök evrópskra lögmannafélaga (CCBE), sem Lögmannafélag Íslands er aðili að, frá sér yfirlýsingu þar sem minnt er á evrópsk gildi varðandi Rule of Law; mannréttindi og mikilvægi sjálfstæðra dómstóla og lögmennastéttar í lýðræðissamfélögum. Þrátt fyrir að yfirlýsingin sé almennt orðuð og stjórnvöld í Bandaríkjunum hvergi nefnd á nafn, ætti fáum að dyljast tilefni hennar. ♦



ICELAND
PARLIAMENT
HOTEL

At the Doorstep of Democracy

SAMKOMUSALIR FYRIR VIÐBURÐI Á ICELAND PARLIAMENT HOTEL



Glæsilegur Sjálfstæðissalurinn, heillandi og hlýlegar stofur Gamla kvennaskólans ásamt sveigjanlegum, hefðbundnum fundarýmum og fyrsta flokks veitingaþjónustu: Iceland Parliament Hotel býður hina fullkomnu umgjörð um stóra og smáa viðburði, veislur og fundi, hátíðleg tilefni og hversdagsleg. Hvort sem þú vilt tengja saman fjölskyldur, vinnustaði, alþjóðleg viðskipti eða stjórnsýslu þá er Iceland Parliament Hotel staðurinn til að hittast.

Hótelið er í hjarta Reykjavíkur, við Austurvöll, á krossgötum heimsálfa og mismunandi menningarheima og við miðstöð lýðræðis, stjórnsýslu og viðskipta. Við sérhæfum okkur í smærri, lágstemmdum fundum, sem og stórum ráðstefnum og veislum af öllum toga.



ICELAND PARLIAMENT HOTEL

Iceland Parliament Hotel

Thorvaldsensstræti 2, 101 Reykjavík

Fyrir nánari upplýsingar og pantanir hafið samband við meetings@icehotels.is eða í síma 444 4130

Frelsi krefst fyrirhafnar

Þrískipting ríkisvaldsins, frelsið, fullveldið, ábyrgð á eigin málum, lýðræði, friðsamleg samskipti, verslun við umheiminn og virðing fyrir réttarríkinu og persónulegum mannréttindum eru uppskrift sem virkar.

Á grundvelli þessara grundvallarhugmynda hafa lánsömustu kynslóðir veraldarsögunnar fengið tækifæri til þess að blómstra á Vesturlöndum frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Öll sem lesa þennan texta teljast til þessa hóps og flest höfum við stærstan hluta ævi okkar notið allrar þessarar gæfu án þess að leiða hugann sérstaklega að því hversu einstök hún er í sögulegu samhengi.

Þessi einstaki blómatími friðar, framfara og velmegunar hefur staðið nógu lengi til þess að auðvelt er að glepjast til þess að trúa því að hann sé sjálfsagður. Okkur hefur meira að segja oft gengið býsna vel að finna honum allt til foráttu; framleitt margvíslega óhamingju, málað skratta á vegg og komist að því að mannskepnan hefur einstakan hæfileika til þess að fá það á heilann að súr ber finnist á stangli þegar við erum umkringd sätindum.

En samfélag almennrar velmegunar og mannréttinda er ekki söguleg regla heldur einstök undantekning. Áttatíu ár eru um það bil ein mannsævi fyrir þau sem njóta þess láns að lifa svo lengi. Þetta er tíminn sem er liðinn frá því að lýðveldið Ísland fæddist, frá því að bandamenn réðust inn til að bjarga Evrópu undan nasistum og frá því leiðtogar þjóða heims bundust fastmælum um að „bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum styrjaldar, sem tvisvar á lífsleið þessarar kynslóðar hefur valdið mannkyninu ólýsanlegum þjáningum,“ eins og segir í inngangsorðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessar komandi kynslóðir sem þarna er vísað til, það erum við.

Óhætt er að fullyrða að margt sem nú á sér stað í heimsmálunum hefði verið þungbært



á að horfa fyrir höfunda þessa texta. Ekki einungis hafa ýmsar þær stofnanir sem ætlað var að þjóna sem kjarni alþjóðlegrar samvinnu villst afleið, heldur virðist sem margir hafi líka gleymt þeim hugmyndafræðilega grundvelli sem friður og samvinna framtíðarinnar átti að vera reistur á, nefnilega að „trú okkar á grundvallarréttindi mannsins, á mannlega reisn og gildi einstaklingsins, á jafnrétti karla og kvenna og jafnræði stórra og smárra ríkja.“ Ég held ég þurfi ekki að teljast vera sérstök bölsýnismanneskja til þess að halda því fram að veruleg hætta sé um þessar mundir á því að þær kynslóðir sem nú fara með völd og áhrif í heiminum séu líklegar til þess að glutra niður þeim bitra lærdómi sem hinir vígmóðu stofnendur Sameinuðu þjóðinni ætluðu sér að gefa okkur í arf. Í staðinn er ástæða til þess að óttast að við höfum verið svo upptekin af því að njóta uppskerunnar að við höfum gleymt því að friði og farsæld síðustu áratuga var sáð í mold sem var rök af blóði, svita og tárur.

Á undanförunum árum höfum við orðið vitni af því að úkraínska þjóðin berst fyrir frelsi sínu og mannvirðingu gegn innrás Rússa. Þótt samúð með málstað Úkraínu sé almenn á Vesturlöndum, þá hefur innanlandsþróun þar víða falið í sér þverrandi virðingu fyrir grundvallargildunum sem stofnendur Sameinuðu þjóðanna trúðu að væru forsenda frelsis, friðar og farsældar. Því er stundum haldið fram að þetta sé óhjákvæmilegt. Eftir því sem tíminn líður frá síðustu hörmungum þá reynist okkur erfiðara að skilja orsakasamhengin sem til þeirra leiddu. En fyrir okkur, kynslóðirnar sem ætlað var að vernda, eru engar afsakanir við slíku tómlæti. Við sem höfum lagt fyrir okkur að læra lög eigum að vita betur - og við vitum betur. Spurningin er hvort við nenum að hafa fyrir

því að standa vörð um þessar hugmyndir og leggja á okkur þau óþægindi sem því kann að fylgja.

Að vera lögmaður er ekki hefðbundin launavinna. Það er hlutverk. Í því felast ekki aðeins skyldur gagnvart daglegum rekstri, skjólstæðingum og úthlutuðum verkefnum. Lögmönnum er líka falin hlutdeild í göfugri samfélagslegri ábyrgð á því að standa vörð um réttarríkið, einstaklingsréttindi og önnur mannréttindi. Lögmenn gegna samfélagslegu hlutverki sem nær langt út fyrir þann fjárhagslega persónulega ábata sem hægt er að hafa af því að sinna starfi sínu af færni og samviskusemi. Það getur því skipt verulegu máli fyrir þróun samfélags hvernig lögmennastéttinni gengur að standa undir þeirri ábyrgð sem henni er treyst fyrir. Og á tímum þegar skilningur fer þverrandi á samhenginu milli grundvallarréttinda einstaklingsins og farsæld samfélagsins þurfa lögmenn að leggja sérstaka rækt við æðri skyldur sínar, bæði í daglegum viðfangsefnum sínum og sem áhrifavaldar í íslenskri dægurmálaumræðu.

Frelsið tapast aldrei allt í einu

Friðurinn sem við hvílum í er ekki okkar eigin. Hann hvílir í alþjóðlegu samstarfi og sátt um að deilur ríkja séu leystar á grundvelli sameiginlegrar löggjafar og stofnana. Það

Að vera lögmaður er ekki hefðbundin launavinna. Það er hlutverk.

Lögmennastétt í hverju ríki er hluti af brjóstvörn frjálslynds lýðræðis

er á grundvelli þeirra leikreglna sem tilveru-grundvöllur smárra ríkja eins og Íslands hvílir á. Við Íslendingar byggjum frelsi okkar, líf skjör og lífsgæði á að þetta réttarríki þjóða haldi, að alþjóðlega viðurkennd lögsaga og landamæri séu virt. Það eru blákaldir hagsmunir Íslands. Þessi rammi er mikilvægur en hann stendur ekki einn og sér. Það eru fleiri hættur sem blasa við okkur en að þessi grundvallarnálgun um réttarríki þjóða haldi. Við sjáum mörg viðvörunarljós um að fólk beri ekki skynbragð á verðmætin sem einstaklingsréttindi, lýðræði, réttarríki og frjáls markaður færir samfélögum. Undirliggjandi er tortryggni gagnvart þessu kerfi; að það sé afurð eða tæki valda- og áhrifamanna til að réttlæta kerfi sem þau njóta góðs af en skili litlu fyrir hinn „venjulega“ mann. Með því að spila á tilfinningar og óöryggi fólks gengur sums staðar vel að halda þessu fram. Lögmennastétt í hverju ríki er hluti af brjóstvörn frjálslynds lýðræðis og þarf ætíð að taka þá skyldu sína alvarlega og enn meira nú þegar að því er vegið.

Við höfum þá verðmætu stöðu að verja að á Íslandi ber fólk meira traust til grundvallarstofnana samfélagsins en víða annars staðar. Í þessu felast gríðarleg verðmæti sem allir ábyrgir stjórnámálmenn og áhrifafólk á að standa saman um að varðveita. Þess vegna þurfum við sem tölum fyrir minni ríkisumsvifum að gæta að þessu

grundvallaratriði. Og þau sem bera ábyrgð á opinberum rekstri þurfa að taka sínar skyldur alvarlega; að gæta þess að framganga þeirra grafi ekki undan því trausti sem þeim er sýnt.

Samfélög sem skilja samhengið á milli raunverulegs frelsis og að það sé þess virði að verja þessi grundvallargildi eru sterkari og með meiri viðnámsþrótt en samfélög sem hafa misst þá trú og verða værukær.

Land hinna frjálsu?

Á árinu 2026 munu Bandaríkin halda upp á 250 ára sjálfstæði. Það er lýðræðisríkið sem skrifaði með fyrstu orðum sjálfstæðis-yfirlýsingar sinnar að allir menn séu skapaðir jafnir. Sú stjórnarskrá Bandaríkjanna sem skrifuð var í kjölfarið var uppfull af margvíslegum aðferðum til þess að tryggja að ólíkir þræðir ríkisvaldsins hefðu fullkomið sjálfstæði frá hver öðrum, hefðu getu til þess að veita hver öðrum aðhald og gætu gripið í taumana ef í óefni stefndi, því að þótt þeir sem stofnuðu Bandaríkin hafi ekki verið sammála um alla hluti, langt í frá, þá voru þeir sammála um eitt, þeir vildu ekki hafa kóng.

Núverandi stjórnvöld í Bandaríkjunum eru ekki málsvarar raunverulegs frelsis. Þau eru að leika sér að eldinum og eru þegar farin að brenna niður mikilvæga þætti af þeirri heimsmynd sem er grundvöllur friðar og frelsis fyrir okkur, fyrir Evrópu og fyrir Bandaríkin sjálf.

Núverandi stjórnvöld í Bandaríkjunum eru ekki málsvarar raunverulegs frelsis.

Það er nýr veruleiki fyrir okkur að horfa upp á núverandi stjórnvöld í Bandaríkjunum, ríkis sem hefur verið leiðandi í hinum frjálsa heimi, taka afgerandi skref sem vega að þessum grundvallargildum frelsis, heima og að heiman. Það að núverandi stjórnvöld í Bandaríkjunum ætli sér að velja sér nýtt hlutverk til að gegna í heiminum er bæði hryggilegt og hættulegt. Ein birtingarmynd árásarinnar á frjálslynt lýðræði eru tilburðir núverandi valdhafa í þá átt að kúga sjálfstætt starfandi lögmenn til hlýðni. Þar reynir á hvort lögmennastéttin hafi þann þroska, sjálfsvirðingu og hugrekki sem þarf til þess að standa vörð um hið göfuga hlutverk sem hún hefur gagnvart samfélagsskipaninni. Því miður eru of mörg dæmi um að virtar lögmennsstofur þar í landi séu svo hræddar við óþægindi að þær svíkist undan þeirri skyldu. Eins og fram kemur í riti bandaríska heimspekingins Timothy Snyder, *Um harðstjórn (On Tyranny)*, þá hafa sjálfstæðar fagstéttir á borð við lögmenn, endurskoðendur og lækna sérstaka skyldu til þess að halda tryggð við sínar eigin siðareglur þegar stjórnvöld sýna tilburði í þá átt að grafa undan undirstöðum samfélagsgerðarinnar.

Okkar heimavinna

Það er margt í þróun alþjóðamála sem við sem samfélag höfum ekki stjórn á eða vald yfir. Það er margt sem getur gerst sem hefur bein áhrif á okkur hér, jákvæð og neikvæð. Sú þróun sem varð eftir síðari heimsstyrjöld um að ríki séu nokkuð jöfn fyrir alþjóðakerfinu, óháð stærð og styrk, hefur haft gríðarleg jákvæð áhrif á Ísland. Við Íslendingar hefðum getað

Tími þægindanna er liðinn og við höfum öll hlutverki að gegna.

spilað illa þrátt fyrir það en höfum spilað vel úr okkar stöðu. Þetta kerfi hefur gert okkur kleift að verða sterkara, frjálsara, ríkara og öflugra sjálfstætt Ísland. Það mun skipta raunverulegu máli að við þekkjum gildismat okkar, fyrir hvað við stöndum, hvað skiptir okkur mestu máli sem samfélag og í samfélagi þjóða.

Ísland hefur staðið vörð um lýðræði, mannréttindi og alþjóðalög með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi í samvinnu við önnur lýðræðisríki sem er mikilvægur liður í því að tryggja öryggi og fullveldi Íslands á óvissutímum. Við tökum líka þátt og erum háð alþjóðlegu viðskiptakerfi sem hefur gert okkur kleift að selja vörur og þjónustu til útlanda. Fyrir útflutningsdrifna smáþjóð er þróunin sem við horfum upp á alvarleg.

Ísland býr að því að hafa markað sér gott orðspor alþjóðlega. Það skiptir líka máli að Ísland er vinsælt ferðamannaland, að mörgum þyki vænt um íslenska menningu og sögu. Orðspor okkar fyrir að vera réttlátt og frjálslynt samfélag, þar á meðal gagnvart minnihlutahópum, er heldur ekki bara verðmætt í sjálfu sér - það á þátt í því að styrkja stöðu okkar sem sjálfstætt ríki í augum umheimsins. Tími þægindanna er liðinn og við höfum öll hlutverki að gegna. ♦

Um forflutning - eru efni til að breyta réttarvenju?

Í 2. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er mælt fyrir um að aðalmeðferð í einkamáli hefjist með því að dómari gefi stefnanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á stefndi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu stefnanda. Að þessu loknu skuli teknar skýrslur af aðilum og vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta. Loks – að loknum skýrslutökum – fari fram munnlegur flutningur máls. Sambærilegt ákvæði er sumpart að finna í 2. mgr. 166. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem fram kemur að aðalmeðferð í sakamáli skuli hefjast með því að ákærandi geri stuttlega grein fyrir ákæru og hvaða gögnum hún sé studd en síðan gefist ákærða kostur á að gera stuttar athugasemdir af sinni hálfu.



Það sem nú hefur verið rakið er kallað forflutningur og verður sjónum hér beint að einkamálum. Við forflutning ætti með réttu að gefast færi á að lýsa því sem um er deilt í máli hvað varðar málsatvik og beitingu réttarreglna. Á hinn bóginn gætir þessa lítt í framkvæmd. Þannig gefa dómendur oft ekki færi á forflutningi eða, og jafnvel þótt dómara gefi á þessu kost, að lögmenn bregðist á þann hátt við að telja ekki þörf á forflutningi.

Hér kann að vera rétt að gera breytingu á og auka veg forflutnings. Kynni slíkt að vera til þess fallið að gera meðferð máls við aðalmeðferð markvissari og auka á skýrleika þess sem um er fjallað í dómsmáli því sem til úrlausnar er. Forflutningur er af sama meiði og sú skylda sem hvílir á lögmönnum við gerð málsgagna fyrir æðri dómi um að hafa þar inni það sem kallað er „Málið í hnotskurn“. Þannig skulu slík málsgögn innihalda m.a. hlutlæga greiningu málsins

og lýsingu ágreiningsefna. Er tekið fram að hún skuli vera stutt og svo glögg sem verða má.

Margt í íslenskri réttarframkvæmd sækir fyrirmynd til Norðurlanda og þá einkum Danmerkur. Þar hefur forflutningur sérstakt vægi, kallað skal *forelæggelse* upp á dönsku. Hefjast þar réttarhöld í héraði, og oftast nær einnig fyrir æðri dómi, á forflutningi og er það sérstakt metnaðarmál lögmanna að tilgreina fyrir dómi ágreiningsefnin með eins skýrum hætti og unnt er. Lögmaður stefnanda forflytur fyrstur og leggur hann sérstaka rækt við að forflutningurinn sé það glöggur og hlutlægur að lögmaður stefnda þurfi ekki að andmæla því sem þar greinir.

Í forflutningnum er farið yfir það stuttlega hvað ætla má að dómari þurfi úr að leysa í málinu, hvort sem er staðreyndalega eða lögfræðilega. Reyndar er gengið skrefinu lengra og ætlast til að vísað sé stuttlega til allra helstu gagna málsins, að því marki sem þau skipta máli, og/eða þess sem ætlunin er að vitni kunni að bera um. Í flóknari málum er ætlast til að lögmenn útbúi í sameiningu hliðsjónarskjal sem kunni m.a. að innihalda tímalínu málsins þar sem helstu atvik eru tilgreind – að því marki sem ágreiningslaust er. Sé ágreiningur uppi þar um sé það jafnframt tilgreint. Það sem hér skiptir mestu er samstarf lögmanna varðandi forflutninginn og innihald hans.

Að forflutningi frágengnum fara fram skýrslutökur – með sama hætti og hér – og loks málflutningur. Það er við málflutninginn – eftir skýrslutökur – sem samstarfinu lýkur ef svo má segja – en þar færa lögmenn hvor um sig fram röksemdir fyrir málstað síns umbjóðanda. Hið síðastnefnda er með sambærilegum hætti og hér á landi.

“Að gera þá breytingu á réttarframkvæmd getur styrkt meðferð einkamála.”

Að gera þá breytingu á réttarframkvæmd hér á landi að skipta aðalmeðferð raunverulega upp í forflutning, (vettvangsgöngu þar sem við á), skýrslutökur, og loks málflutning, getur styrkt meðferð einkamála, og gert hana gleggri og markvissari. Þannig kynni aukin áhersla á forflutning og samstarf lögmanna þar að draga úr óþarfa skýrslutökum fyrir dómi enda liggur þá ljósara fyrir en ella um hvað ágreiningur í málinu raunverulega er.

Ekki er þörf á sérstakri lagabreytingu til að auka vægi forflutnings hér á landi. Lagaákvæðið er til staðar líkt og áður greinir. Eina sem þarf að gera er að breyta réttarframkvæmdinni með samráði lögmanna við dómendur. Til álita kemur – sé áhugi á þessu – að Lögmannafélag Íslands hafi hér forgöngu um. ♦



Kaupréttir stjórnarmanna – Þegar „miða skal við“ hlutina en samt kannski ekki

Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru ákvæði um takmarkanir á umbun til stjórnarmanna í hluta- og einkahlutafélögum, einkum þegar kemur að veitingu kaupréttar að hlutum í félaginu þar sem þeir sitja í stjórn. Þó má vera að sérstök undantekning á grundvelli tekjuskattslaga kunni að hafa breytt því fyrirkomulagi hjá félögum sem falla undir skilgreininguna „nýsköpunarfyrirtæki“.



Reynslumiklir stjórnarmenn gegna oft lykilhlutverki við að móta stefnu nýsköpunarfyrirtækja, tryggja fjármagn og byggja upp tengslanet á fyrstu stigum rekstrar. Skilvirk umbunarkerfi, svo sem kaupréttir, geta verið lykilþáttur í því að laða að slíka stjórnendur og því kann umrædd undantekning að vera vel til fundin.

Almennt um kauprétti til stjórnarmanna

Samkvæmt 79. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995 („hfl.“) eiga þau félög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda samkvæmt ársreikningalögum að setja sér starfskjara-stefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda, s.s. stjórnarmanna. Samskonar ákvæði er að finna í 54. gr. a laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Í umræddu lagaákvæði er tekið fram að „miða skuli við“ það grundvallaratriði að stjórnarmenn skuli ekki njóta hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Þrátt fyrir að orðalag ákvæðisins sé að mörgu leyti óskýrt, og þá helst til vegna þess að það mælir fyrir um að „miða skuli við“, verður að túlka það svo að félögum sem ber að kjósa sér endurskoðanda sé óheimilt að veita stjórnarmönnum kauprétti að hlutum í félaginu.

frestun skattlagningar getur aukið hvata

Þessa reglu hlutafélagalöggjafarinnar má rekja til tilmæla framkvæmdastjórnar ESB frá 14. desember 2004 (2004/913/EB) en þeim var ætlað að stuðla að slíku fyrirkomulagi hjá félögum sem skráð eru á skipulögðum markaði. Löggjafarvaldið hér á landi ákvað hins vegar að láta þetta bann ná til „fleiri hlutafélaga, svo og sambærilegra einkahlutafélaga“ eða með öðrum orðum, allra hluta- og einkahlutafélaga á þeim tíma sem bar að kjósa sér endurskoðanda (gullhúðun?).

Markmiðið með þessari reglu var að draga úr áhættusækni stjórnenda og hvetja til ákvarðana sem byggja á langtímahagsmunum frekar en skammtímaþróun hlutabréfaverðs. Það er gott og vel en getur við ákveðnar aðstæður verið hamlandi, mögulega þegar verkefnið er til dæmis það að laða að hæfa og reynslumikla stjórnarmenn sem eru óháðir viðkomandi félagi. Þá geta félög verið misjafnlega stödd varðandi greiðslu stjórnarlauna.

Sérregla í tekjuskattslögum kemur til bjargar (að hluta)?

Lausnin að hluta kann að hafa orðið til með breytingum á 9. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en þar er að finna ákvæði sem virðist veita nýsköpunarfyrirtækjum heimild til að bjóða stjórnarmönnum kauprétti að hlutabréfum í félaginu þar sem þeir sitja í stjórn.

Með breytingu á tekjuskattslögum nr. 69/2021 var slík heimild sérstaklega rýmkuð og skýrð. Markmiðið var sagt það að styðja við nýsköpun á Íslandi með því að hvetja hæfa stjórnarmenn til þátttöku í rekstri nýsköpunarfélaga. Með því að heimila frestaða skattlagningu vegna kaupréttar var leitast við að draga úr skammtímaáhrifum og auðvelda fyrirtækjum að umbuna stjórnarmönnum með langtímaviðhorf að leiðarljósi.

Í umræddu ákvæði er beinlínis gert ráð fyrir því að stjórnarmenn í félögum, sem falla undir 3. tl. 3. gr. laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, (nýsköpunarlögin) geti keypt hlutabréf samkvæmt kauprétti í viðkomandi félagi.

Við túlkun á samspili 79. gr. a hfl. og 9. gr. tekjuskattslaganna verður að líta til almennra lögskýringarreglna. Þar sem 9. gr. tekjuskattslaganna er bæði yngri regla og sérregla um tiltekin félög, má færa fyrir því rök að hún hafi forgang að því marki sem reglurnar rekast á.

Hvað þarf að hafa í huga

Til að nýta umrædda heimild tekjuskattslaganna þurfa félög að teljast nýsköpunarfyrirtæki í skilningi 3. tl. 3. gr. nýsköpunarlaga.

Nýsköpunarfyrirtæki eru samkvæmt því ákvæði lögaðilar sem stunda rannsóknir eða þróunarstarfsemi samkvæmt nýsköpunarlögum. Í reglugerð nr. 758/2011 er slík starfsemi í stuttu máli skilgreind sem markviss vinna að þróun nýrrar þekkingar eða tækni, nýrra vara, ferla eða þjónustu. Allt að einu er mikilvægt að greina vel hvort viðeigandi félag sem hyggst veita kauprétti til stjórnarmanna falli undir skilgreininguna „nýsköpunarfyrirtæki“ og rétt að taka fram að enn þengri skilgreining gildir um svokölluð „sprotafyrirtæki“ sem eru ekki til umfjöllunar

Til að nýta heimild
þurfa félög að teljast
nýsköpunarfyrirtæki

hér, en í tekjuskattslögunum er jafnframt að finna sérreglu um veitingu kaupréttar til stjórnarmanna í slíkum félögum.

Félög sem hyggjast veita stjórnarmönnum sínum kauprétti þurfa því að leggja sérstaka áherslu á það að ganga úr skugga um að þau falli undir skilgreininguna á „nýsköpunarfyrirtæki“ en í því sambandi má nefna að slík félög geta verið lítil, meðalstór og jafnvel stór fyrirtæki eins og það er nánar skilgreint í nýsköpunarlögunum.

Sem sagt, þessi möguleiki á að veita stjórnarmönnum kauprétti þarf ekki endilega að takmarkast við lítil nýstofnuð félög með góðar hugmyndir, ef svo má að orði komast.

Við nýtingu kaupréttar stjórnarmanna í nýsköpunarfyrirtækjum frestast skattlagning

þar til eignaskipti verða á hlutabréfunum. Mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og söliverði bréfanna telst þá til skattskyldra tekna. Þessi frestun skattlagningar getur aukið hvata stjórnarmanna til langtímapáttöku í rekstri félagsins og dregið úr áherslu á skammtímaávöxtun.

Lokaorð

Það má færa fyrir því rök að sum félög sem skilgreinast sem nýsköpunarfyrirtæki hafi ríkari hagsmuni en önnur félög af því að laða að sér hæfa og reynslumikla stjórnarmenn, sérstaklega á fyrstu stigum. Þátttaka slíkra stjórnarmanna getur skipt köpum fyrir möguleika félaga að vaxa og dafna. Enn frekar þá geta félög haft enn ríkari hvata til þess að skilgreina sig sem nýsköpunarfyrirtæki.

Það verður áhugavert að fylgjast með því hvernig löggjöf um kauprétti stjórnarmanna kann að þróast og vonandi þarf ekki að fylgjast með þeirri þróun í gegnum breytingar á tekjuskattslögunum. ♦

Um 300 manns sóttu ráðgjöf 2024

Í tugi ára hefur Lögmannafélag Íslands haldið úti Lögmanna vaktinni yfir vetrartímann en þá sinna félagsmenn ókeypis ráðgjöf fyrir almenning. Fram til 2019 komu lögmenn og skjólstæðingar í húsnæði félagsins en eftir það hefur ráðgjöfin verið veitt símleiðis.

Lögmanna vaktin var með svipuðu sniði árið 2024 og áður en um 300 manns sóttu ráðgjöf um réttarstöðu sína á þeim átta mánuðum sem hún var í boði.

Lögmennablaðið 30 ára | Árnaðaróskir





Listamaður lögfræðinnar

Í byrjun apríl var haldið málþing til heiðurs Ragnari Aðalsteinssyni níræðum í Hátíðarsal aðalbyggingar Háskóla Íslands. Ragnar er heiðursfélagi í Lögmannafélagi Íslands, fyrrum formaður þess á árunum 1992-1995, og er jafnframt sá lögmaður sem hefur starfað lengst á Íslandi, eða í 63 ár.

Það var Mannréttindastofnun Háskóla Íslands sem stóð fyrir málþinginu í samstarfi við Rétt – Aðalsteinsson & Partners. Alls voru flutt fjögur ólík erindi sem þó áttu það sameiginlegt að snerta á áhrifum Ragnars á þróun lögfræðinnar á Íslandi.

Auður Jónsdóttir rithöfundur var fyrst á svið og sagði hún Ragnar vera listamann lögfræðinnar og skáld sannleikans. Ragnar hefði á sínum ferli gætt réttinda borgaranna gagnvart ríkisvaldinu og verið þannig umbreytandi afl. Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari sagði Ragnar hafa verið þjón réttarins. Ragnar hafi jafnframt, ásamt fleirum, barist ötullega fyrir réttindum sem þættu sjálfsögð í dag. Brynhildur Flóvenz dósent emerita við Lagadeild HÍ ræddi um áhrif Ragnars á viðhorf til mannréttinda og réttlætis og í síðasta erindinu velti Ragnar Tómas Árnason aðjúnkt við Lagadeild HÍ og fyrrverandi lögmaður vöngum um eðli og tilgang lögmennskunnar og áhrifum Ragnars á þróun íslensks réttar.

Í lok málþingsins tók Ragnar sjálfur við hljóðnemanum og ávarpaði salinn. Fyrir utan þakkir sem hann vildi koma á framfæri ljáði Ragnar máls á framgangi fasisma bæði í austri og vestri í ræðu sinni. Ragnar sagðist óttast framgang fasismans

Auður Jónsdóttir.



Þar sem öfgahreyfingar geysast fram í Evrópu með stuðningi úr vestri. Í Bandaríkjunum væri nú verið að hrekja dómara úr starfi og kúga lögmenn til að hlýða framkvæmdavaldinu. Ragnar sagði fasismann leynast hvarvetna og það væri okkar hlutverk að berjast gegn honum. Ójöfnuður hefði aukist hröðum skrefum og þegar auðvaldið hefði hrifsað völdin virkaði lýðræðið ekki. Þetta væri að gerast aðeins 80 árum eftir síðari heimsstyrjöld. Það var sannarlega kraftmikið ákall til okkar allra í ræðu Ragnars.

Málþingið var einkar vel sótt af bæði fjölskyldu og öðru samferðafólki Ragnars. Það var raunar að einhverju leyti eins og ættarmót lögfræðinnar, þar sem margar kynslóðir dómara, lögmanna, fræðimanna og annarra lögfræðinga sátu saman í salnum. Eftir málþingið gæddu gestir sér á veitingum undir ljúfu undirspili Þóris Baldurssonar píanista og tónlistarmanns. ♦



F.v. Ragnar Tómas Árnason, Ragnar Aðalsteinsson, Brynhildur Flóvens og Ólafur Börkur Þorvaldsson.

Þjónn, það er súpa í minnisblaðinu mínu!

Lögmennspjónusta frá sjónarhóli kaupenda

Lögmenn kunna flestir lögfræði. Frá sjónarhóli kaupenda er einkenni góðrar lögmennspjónustu hins vegar meira en að þekkja lögin. Lögmennspjónusta er dýr. Lögmenn verða að geta komið ráðgjöf skýrlega frá sér þannig að hún gagnist kaupanda þjónustunnar. Í öðrum orðum þarf ráðgjöf að vera lögfræðilega góð, skýr og praktísk, og í samræmi við væntingar kaupandans. Góðir lögmenn leggja sig fram við að skilja væntingar og þarfir viðskiptavinarins og sníða ráðgjöfina að þeim. Slíkt hámarkar virði þjónustunnar og byggir undir viðvarandi viðskiptasamband við kaupandann. Hér verður reynt að draga fram sjónar-mið kaupenda lögmennspjónustu og greina helstu forsendur góðrar ráðgjafar. Tilgang-urinn er að skapa grundvöll að frekara samtali milli lögmanna og viðskiptavina, öllum til hagsbóta. Greinin byggir á hugleiðingum höfundar og annarra innanhússlögfræðinga.



Bekking og traust er lykillinn

Við val á lögmanni skiptir lykilmáli að lögmaðurinn sé með góða þekkingu á því réttarsviði sem ráðgjöfin tengist. Það eitt og sér er hins vegar ekki nægilegt til að mynda viðvarandi viðskiptasamband. Viðskiptavinur á eðlilega að geta treyst því að lögmaður sinni starfi sínu að heilindum, virði trúnaðarskyldu og sé ávallt með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi. Lögmaður verður einnig að sýna fram á framúrskarandi samskiptahæfileika, bæði við að koma frá sér ráðgjöf og í öðrum samskiptum við kaupandann.

Traust viðskiptasamband krefst þess að hægt sé að eiga persónuleg og góð samskipti. Í þessu felst að viðskiptavinur hafi aðgang að lögmanninum og

geti treyst því að símtölum og tölvupóstum sé svarað innan eðlilegs tímaramma. Í þessu felst einnig að lögmaður haldi viðskiptavininum reglulega upplýstum um stöðu verkefna og kostnað. Samskipti ganga auðvitað í báðar áttir. Lögmenn ættu að vera óhræddir við að hafa samband við viðskiptavininn til að fá nánari skýringar á verkbeiðni eða umfangi verkefna, viðskiptalega hagsmuni, eða önnur atriði sem tengjast viðskiptasambandinu.

Skilningur á rekstri fyrirtækis og hvata kaupandans

Það getur verið þýðingarmikið að lögmaður leggi sig fram um að skilja rekstur fyrirtækisins og aðra viðskiptalega hagsmuni þess enda skila lögmenn með góða þekkingu á starfsemi fyrirtækis almennt praktískari ráðgjöf. Í þessu felst ekki eingöngu að skilja videigandi lagaramma eða hafa almenna vitneskju um þann geira sem fyrirtækið starfar í. Fyrirtæki eru mismunandi. Fyrirtæki í sama geira geta starfað með mjög mismunandi hætti og haft ólíka viðskiptalega hagsmuni.

Hvatar kaupandans geta líka skipt máli. Innanhússlögfræðingar útvista málum oftar en ekki til að nýta sérfræðiþekkingu og reynslu lögmanna. Þá er mikilvægt að lögmaður komi raunverulega með þá þekkingu að borðinu. Lögmaðurinn þarf sömuleiðis að geta tengt hana við viðskiptalega hagsmuni fyrirtækisins til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt var að. Með öðrum orðum, það er ekki alltaf nóg að vera sérfræðingur á tilteknu réttarsviði ef lögmaður skilur ekki þau vandamál sem fyrirtækið er að glíma við.

Innanhússlögfræðingar nýta lögmenn einnig vegna eigin vinnuálags. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að lögmaðurinn létti raunverulega undir vinnuálagi með því að

standa við tímafresti og tryggja að verkið sé nægilega vel unnið til að kaupandinn nái fram því tímahagræði sem stefnt var að.

Lögmenn eiga að vera hreinskilnir ef þeir hafa ekki þá sérþekkingu sem óskað er eftir eða ef þeir hafa ekki tíma til að sinna málum innan þess tímaramma sem óskað er eftir.

Hagsmunaárekstrar

Lögmenn mættu í sumum tilvikum sinna betur mati á hagsmunaárekstrum. Það fer almennt í taugarnar á viðskiptavininum að fá beiðnir frá lögmanni um samþykki að vinna fyrir annan aðila, þar sem uppi eru mögulegir hagsmunaárekstrar. Það setur viðskiptavininn í óþægilega stöðu gagnvart lögmanninum. Ef lögmaðurinn telur að það kunni að vera uppi hagsmunaárekstrar á hann að taka ákvörðun en ekki varpa ábyrgðinni yfir á viðskiptavininn. Þetta á ekki síður við þegar um óbeina hagsmunaárekstra er að ræða. Með því er átt við þegar lögmaður hefur tekið að sér málefni fyrir viðskiptavin, s.s. deilumál sem krefst þess að lögmaðurinn skilji styrkleika og veikleika málsins, og sami lögmaður eða annar lögmaður á sömu lögmennsstofu tekur síðan að sér mál fyrir annan viðskiptavin um gagnstæða hagsmuni, jafnvel þó að viðskiptavinirnir séu ekki í málaferlum gegn hvorum öðrum.

Mat á hagsmunaárekstrum kann að vera flókið á litlum markaði eins og á Íslandi. Lögmenn sem vilja byggja upp traust viðskiptasamband verða hins vegar að ávallt að gæta að hugsanlegum hagsmunaárekstrum.

Framúrskarandi þjónusta er skýr og skilvirk

Ráðgjöf þarf að vera skýr og svara þeim álitaefnum sem lagðar voru fyrir lögmanninn.

Lögmaður á að mynda sér skoðun og rökstyðja hana. Ómarkviss eða óskýr ráðgjöf gagnast viðskiptavinum ekki. Að sama skapi má ekki draga úr ráðgjöfinni með ógrynni af fyrirvörum.

Hér skiptir einnig máli að ráðgjöfin sé í takt við væntingar viðskiptavinarins og umbeðið umfang verkefnisins. Lögmenn eru stundum tregir við að spyrja um hvað sé raunverulega verið að biðja um eða hvaða viðskiptalegu hagsmunir séu undir í málinu. Ef slíkt er óljóst fyrir lögmanninn eru líkur á að ráðgjöfin verði ómarkviss, ekki í samræmi við væntingar kunnans, eða dýrari en gert var ráð fyrir.

Lögmenn mættu einnig í sumum tilvikum setja fram skýrari valkosti um þær leiðir sem hægt er að fara. Kaupendur útvista verkefnum til lögmanna vegna álitamála sem þarfnast einhverra framkvæmanlegra aðgerða, ekki vegna fræðilegs áhuga á lögfræði. Þeim mun skýrari valkostir sem settir eru fram, þeim mun praktískari er ráðgjöfin. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ráðgjöf til fyrirtækja þar sem áhættumat vegur þungt í ákvörðunartöku. Valkostir geta þannig verið settir fram miðað við mismunandi viðskiptalegar forsendur eða mat á áhættuþáttum. Í þessu sambandi má líka nefna að lögmenn eiga það til að gera of mikið úr lagalegum þáttum sem fela í sér takmarkaða áhættu í framkvæmd. Lögmenn ættu að setja fram praktíska greiningu á raunverulegri áhættu þegar slíkt á við.

Ráðgjöf á að vera sett fram á skýru og skiljanlegu máli. Lögmenn eru stundum of lagatæknilegir. Og ættu almennt að tileinka sér að heimfæra lagatexta yfir á „mannamál“. Langar dómareifanir, lagatilvísanir eða aðrar lagalegar hugleiðingar bæta oft litlu við og flækja ráðgjöfina. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar kaupandinn er ekki lög-

fræðingur en á alltaf við. Innanhússlögfræðingar deila iðulega greiningum lögmanna og vilja síður þurfa að útskýra lagatexta lögmannsins fyrir þá ólögglærðu. Stutt samantekt á helstu niðurstöðum er ávallt til bóta, einkum þegar um flókna ráðgjöf er að ræða.

Ráðgjöf þarf heldur ekki alltaf að vera mjög formleg eða lögfræðilegs eðlis. Oft þurfa viðskiptavinir einfaldlega að velta upp sjónarmiðum og fá sýn annarra á álitaefnum. Í þessu getur falist aðstoð við að meta tiltekna áhættuþætti, fá tillögur að lausnum eða reynslu lögmanna af úrlausn sambærilegra mála.

Verkefnastjórnun og tímafrestrir

Það er gríðarlega mikilvægt að tímafrestrir séu virtir og verk séu unnin í takt við væntingar kaupanda. Þá eiga lögmenn að tileinka sér að upplýsa viðskiptavininn reglulega um framgang mála, jafnvel þó lítið markvert sé að gerast og ávallt láta vita sem allra fyrst ef tafir eru fyrir séðar. Það er ekki traustvekjandi að þurfa að kalla eftir svörum eftir að umsamdir tímafrestrir eru liðnir, ýta á eftir málum, eða sinna verkefnastjórnun mála sem hafa verið falin utanaðkomandi lögmanni. Stundum skiptir meira máli að fá svör á tilteknum tíma en ítarlega greiningu. Það er góð vinnuregla að upplýsa reglulega um stöðu mála og næstu skref, eða jafnvel að gefa viðskiptavini grófa tíma- og verkáætlun fyrir stærri verkefni.

Það er mikilvægt að verk séu unnin í takt við væntingar kaupanda

Kostnaður fyrirsjáanlegur og í takt við hagsmuni

Gagnsæi og fyrirsjáanleiki eru lykilatriði til að tryggja að verð sé í samræmi við væntingar kaupandans. Það veldur gremju og grefur undan trausti að þurfa að gera athugasemdir við reikninga. Að gefa kaupanda yfirlit um væntanlegan kostnað er eitthvað sem lögmenn mættu tileinka sér í auknum mæli. Sömuleiðis ættu lögmenn að upplýsa kaupanda eins fljótt og verða má ef líkur eru á því að kostnaðaráætlun standist ekki eða ef kostnaðurinn verður meiri en kaupandinn má almennt vænta af máli.

Tækniþróun hefur gert það að verkum að hægt er að framkvæma ákveðin verk á fljótlegan og ódýran hátt, s.s. með gervigreindarforritum. Af þessu leiðir að erfiðara verður fyrir lögmenn að réttlæta tímagjald fyrir slíka vinnu og þar af leiðandi mikilvægt að lögmenn aðlagi starfshætti sína að breyttum aðstæðum. Kaupendur lögmennsþjónustu vilja ekki greiða fyrir þjálfunarkostnað fulltrúa á lögmennstofu eða borga fullt tímagjald fyrir vinnu sem væri hægt að sinna með tæknilausnum. Lögmaður verður að meta raunverulegt virði vinnu fulltrúa, ekki horfa eingöngu á skráða tíma hans, og reyna eftir fremsta megni að nýta tæknilausnir og leyfa viðskiptavininum einnig að njóta ávinningsins. Í öllu falli ættu lögmenn sem vilja stuðla að viðvarandi viðskiptasambandi að meta virði ráðgjafar og samhengi hennar við viðskiptalega hagsmuni, og eiga opinská samtöl við viðskiptavini um kostnað.

Önnur þjónusta

Viðskiptavinir kunna almennt vel að meta þegar lögmenn bjóða að eigin frumkvæði upp

á fræðsluefni, s.s. málstofur eða fréttabréf um nýja löggjöf eða breytingar á tilteknum réttarsviðum. Viðskiptavinir hafa ekki alltaf þekkingu eða tíma til að kafa ofan í hin ýmsu réttarsvið. Þetta opnar stundum augu viðskiptavina fyrir nauðsynlegum verkefnum og gefur lögmönnum tækifæri að kynna sérþekkingu sína á tilteknum réttarsviðum fyrir núverandi og nýjum viðskiptavinum.

Lögmenn sem skilja þarfir viðskiptavina munu sigra samkeppnina

Þeir sem munu sigra

Kaupendur lögmennsþjónustu vænta þess að lögmenn séu samstarfsaðilar og vilja helst geta byggt upp viðvarandi viðskiptasamband við tiltekna lögmenn. Til þess þarf lögmaður að sýna fram á traust og veita framúrskarandi þjónustu. Lögmenn ættu að meta raunverulegt virði vinnu sinnar frá sjónarhóli viðskiptavinarins og hafa í huga hvernig ráðgjöfin muni gagnast viðskiptavininum. Þetta er sérstaklega mikilvægt á tímum þar sem lögmenn eru ekki einungis í samkeppni við aðra lögmenn heldur líka tæknilausnir.

Lögmenn sem skilja þarfir viðskiptavina og veita skýra og skilvirka ráðgjöf, með hliðsjón af hagsmunum þeirra hverju sinni, munu sigra samkeppnina. Þeir eru líklegri til að fá verkefni og meðmæli. Lögmenn sem sitja fastir í stafasúpunni eru ólíklegri til þess og verður sjálfsagt skipt út fyrir næstu tæknilausn. ♦

Er prófmál mál?

Það var mörgum lögmönnum mikið kappsmál árið 2017 í aðdraganda stofnunar Landsréttar að flytja sem flest mál fyrir héraðsdómi og ná að flytja prófmál fyrir Hæstarétti áður en ný skipan dómstóla tæki gildi. Fyrirséð var að með stofnun Landsréttar, sem millidómstigs, myndi leið lögmanna að Hæstarétti lengjast töluvert. Það virðist hins vegar vera sem Sýslumaðurinn á Norðurlandi Vestra, sem fer með útgáfu réttindanna, telji að leiðin að réttindunum eigi að vera lengri en löggjafinn gerði ráð fyrir.

Skilyrði málflutningsréttinda á hverju dómstigi

Til þess að öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti Íslands, áður en Landsréttur var stofnaður, þurftu lögmenn að hafa verið með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi í fimm ár og hafa flutt a.m.k. 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 10 einkamál. Þá þurfti lögmaður að sýna fram á það með prófraun, sem fólst í munnlegum flutningi fjögurra mála fyrir Hæstarétti, að hann væri hæfur til að öðlast réttindin.

Samhliða stofnun Landsréttar 1. janúar 2018 voru gerðar breytingar á lögum um meðferð einkamála, lögum um dómstóla og lögum um lögmenn. Með því lengdist leiðin að Hæstarétti. Nú þurfa lögmenn með réttindi fyrir héraðsdómi fyrst að afla sér réttinda til að flytja mál fyrir Landsrétti áður en þeir freista þess að öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt núverandi lögum þarf lögmaður með réttindi fyrir héraðsdómi að hafa flutt í það minnsta 25 mál fyrir héraðsdómi og hafa haft réttindin á fimm ár áður en hann getur sótt um réttindi til þess að flytja mál fyrir Landsrétti. Til viðbótar við þau skilyrði þarf að flytja fjögur prófmál fyrir Landsrétti. Í prófmálum felst að umsækjandinn fær að flytja mál undir handleiðslu reynds lögmanns áður en réttindin eru veitt. Í stuttu máli þá eru prófmál í raun alveg eins og „venjuleg“ mál fyrir Landsrétti, réttarfarir er eins, undirbúningurinn er eins, nema að því leyti að prófmaður þurfti, auk hliðsjónargagna og tilvísanaskrá, að skila málflutningsyfirliti fjórum virkum dögum fyrir aðalmeðferð. Það er svo undir dómurunum í málinu komið hvort viðkomandi lögmaður hafi staðist prófraun. Lög um lögmenn eru mjög fátæk þegar kemur að skilgreiningu á prófraun fyrir Landsrétti.



Þeir lögmenn sem hafa haft málflutningsréttindi fyrir Landsrétti í þrjú ár, geta sótt um málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti, að því gefnu að þeir hafi ekki flutt færri en 15 mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a.m.k. tíu einkamál. Ekki er þörf á því að þreyta sérstök prófmál fyrir Hæstarétti.

Höfnun sýslumanns

Nokkrum dögum fyrir þann dag, er ég hafði verið með málflutningsréttindi fyrir Landsrétti í þrjú ár, sótti ég um réttindi fyrir Hæstarétti og taldi mig uppfylla ofangreind skilyrði. Ég hafði flutt munnlega 15 mál fyrir Landsrétti og þriggja ára fresturinn var að líða. En ég fékk höfnun. Höfnunin byggir á því að fjögur af þessum fimmtán málum voru prófmál.

Við stofnun Landsréttar gat sú staða komið upp að lögmenn væru búnir að flytja 1-3 prófmál fyrir Hæstarétti og náðu því ekki að klára réttindin fyrir lagabreytingu. Með bráðabirgðaákvæði, sem sett voru í tengslum við breytta dómstólaskipan, var komið til móts við þessa lögmenn og prófmálunum fyrir Hæstarétti leyft að „ganga upp í“ öflun málflutningsréttinda í Landsrétti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, svo að þeir sem voru komnir áleiðis stæðu ekki á núllpunkti við breytta skipan.

Með vísan til þessa bráðabirgðaákvæðis telur sýslumaður að greina megí vilja löggjafans um að prófmál teljist ekki með sem mál í átt að lágmarksskilyrðum til málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti.

Kæra til dómsmálaráðuneytisins

Ég kærði ákvörðun sýslumannsins til dómsmálaráðuneytisins, þann 20. mars s.l., og bið

spenntur eftir niðurstöðu. Í kærinni er byggt á því að skilyrðin séu sannarlega uppfyllt, enda ekkert í lögum um lögmenn sem bendir til þess að prófmálin teljist ekki til mála. Þá hefði löggjafanum verið í löfa lagið að tilgreina sérstaklega að þau mál teldust ekki með, hefði viljinn staðið til þess. Byggt er á því í kærinni að túlkun sýslumanns sé langsótt við að greina vilja löggjafans, vísað til stjórnarskrárváðanna atvinnuréttinda og að niðurstaðan brjóti gegn meginreglum stjórnarsýsluréttarins, n.t.t. lögmætisreglunni, reglunni um réttmætar væntingar og meðalhófsreglunni.

Þá var í kærinni öðrum röksemdum sýslumannsins um að prófmál eigi ekki að teljast sem munnlega flutt mál hafnað. Má sem dæmi nefna eftirfarandi röksemdir sýslumanns; að prófmaður fái ekki dæmda málsþóknun fyrir flutning málsins, að starfsábyrgðartrygging þess lögmenns sem hefur forræði yfir málinu gildi og að réttarfararsékt yrði aldrei lögð á prófmanninn sem málflytjanda heldur þann lögmenn sem hefur forræði á málinu.

Niðurlag

Ljóst er að niðurstaða dómsmálaráðuneytisins getur haft mikla þýðingu fyrir lögmenn sem stefna á að öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti í fyrirséðri framtíð. Enda getur munað miklu fyrir marga að þurfa flytja 19 mál í Landsrétti með munnlegum hætti í stað 15, sér í lagi í ljósi álags og afgreiðslutafa hjá Landsrétti.

Undirritaður er sannfærður um að ákvörðun sýslumanns byggir á rangri túlkun laga og mun fara með málið eins langt og þörf er á. ♦

Lögregluaðgerðir yfirvofandi

Íslenska ríkið hefur lengi búið yfir sérstakri getu til að skapa óparft einokunarfyrirkomulag og vernda það síðan eins og hverja aðra þjóðargersemi. Sagan endurtekursig – ríkið reynir að stýra, sérhagsmunahópar spá samfélagslegum harmleik, og að lokum sigrar frelsið.

Hvað gerist þegar lög og reglur missa samfélagslegt samþykki sitt? Hvenær verður regla að óreglu og getur almenningur hafnað gildandi lögum? Íslensk verslunarsaga sýnir okkur nokkur athyglisverð dæmi.

Óætar kartöflur

Eitt sinn réði hið opinbera hvaða grænmeti var notað í kjötsúpuna. Árið 1984 höfðu Grænmetisverslun ríkisins og Sölufélag garðyrkjumanna einkaleyfi á sölu grænmetis á Íslandi. Þegar innlenda grænmetið kláraðist, fluttu þessir aðilar inn erlendar vörur. Allir hagsmunaaðilar voru ánægðir með fyrirkomulagið nema neytendur. Árið 1984 keyrði um þverbak þegar fluttar voru inn

kartöflur frá Finnlandi í skiptum fyrir lambakjöt. Kartöflurnar voru svo illa farnar að þær voru óætar.

Í miðri óánægjuöldu steig Hagkaup fram og ákvað að ögra þessum ríkisafskiptum. Hagkaup hóf að selja kartöflur beint frá bændum eða erlendis frá. Kartöflurnar reyndust 14% ódýrari en hjá ríkinu og voru ætar. Framleiðsluráð landbúnaðarins var ósátt en fáir studdu Grænmetisverslunina lengur, og brátt var hún lögð niður. Með þessu lauk ríkiseinokuninni, og frjáls verslun hafði sigrað.

Jógúrtstríð

Vorið 1983 hóf Hagkaup að selja jógúrt frá Húsavík. Jógúrtin frá Húsavík var bæði ódýrari og alveg jafn góð og sú sem kom frá MS í Reykjavík. En ríkisvaldið var ekki sérlega hrifið. Tvær afurðastöðvar á sama markaði? Það var auðvitað óhugsandi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins stökk strax til og bannaði Hagkaup að selja þessa óæskilegu landsbyggðarjógúrt í Reykjavík. Það kom almenningi heldur í opna skjöldu að einhver skyldi hafa hugmyndaflug til þess að banna jógúrt.





Pálmi Jónsson var ekki maður sem lét stöðva sig auðveldlega. Hagkaup hótaði því að ef ríkið bannaði versluninni að selja Húsavíkurgjógúrt þá myndi hún bara byrja að framleiða sína eigin jógúrt. Ríkið lét þá af banni sínu og Húsavíkurgjógúrtin fékk að snúa aftur til Reykjavíkur. Þannig lauk fyrsta og eina jógúrtstríðinu á Íslandi.

Einu mennirnir sem máttu selja sjón

Eitt sinn máttu aðeins menntaðir sjóntækjafræðingar selja gleraugu. Ekki mátti kaupa lesgleraugu í hvaða búð sem er því ef það var eitthvað sem ríkið sá ofsjónum yfir þá var það hvernig átti að verja fólk frá því að sjá of vel. Það var augljóslega illa séð að einhver reyndi að selja almenningi gleraugu án leyfis því hugsanlega myndi fólk þá sjá framtíð án ríkisforsjár og þá væri allt farið úr böndunum.

Vorið 1984 ákváðu Hagkaupsmenn að ögra þessu fyrirkomulagi með því að byrja að selja ódýr lesgleraugu. Þetta gerði loks mörgum eldri borgurum, sem höfðu lítið milli handanna, kleift að fá sér gleraugu. Ekki leið á löngu þar til Sjóntæknifélag Íslands varð ævareitt því félagið hafði þá sýn að einokun væri betri fyrir „optikera“. Félagið krafðist þess

að lögreglan stöðvaði þessa innrás á þeirra sjónsvið. Landlæknir kallaði Hagkaupsmenn á fund og krafðist þess að gleraugnasölunni yrði hætt – augnlæknar þyrftu að hafa eftirlit til að landsmenn sæju hlutina í réttu ljósi. Lögregluadgerðir voru yfirvofandi.

Læknafélag Íslands fullyrta að ódýr lesgleraugu væru alls ekki sparnaður heldur myndu frjáls viðskipti valda lýðheilsuslysi. Ef ekki væri komið á ströngu eftirliti myndi tíðni sjónskerðingar og blindu aukast. Gleraugnasalarnir fengu Alþingi til að samþykkja lög sem bönnuðu öðrum að selja gleraugu. En Hagkaupsmenn létu ekki stöðva sig og héldu áfram að selja lesgleraugu, þrátt fyrir lög.

Um rökhyggja í stað tilfinningahyggju

Í þessum dæmum sjáum við endurtekið mynstur. Stjórnvöld byggja ákvarðanir á ótta í stað gagna, á tilfinningum í stað rökhyggju. Læknafélagið sá fyrir sér heilu kynslóðirnar blindast. Framleiðsluráðið sá fyrir sér hrialegar afleiðingar ef almenningur fengi ódýrari jógúrt. Grænmetisverslunin taldi þjóðina þurfa vernd gegn erlendum kartöflum.





Ef stjórnvöld myndu í auknum mæli byggja ákvarðanir á raunverulegum „empírískum“ gögnum frekar en á óritrýndum vinnuskjöllum áhugafólks eða úreltum rannsóknum, væri líklegra að teknar yrðu skynsamlegar og árangursríkar ákvarðanir.

Þegar kemur að áfengisverslun er sagan sú sama. ÁTVR hefur einkaleyfi og landlæknir spáir samfélagslegum harmleik ef áfengissala verður gefin frjáls. En rannsóknir sýna allt annað. Engar vísindalegar rannsóknir sýna orsakasamhengi milli aðgengis að áfengi og neyslu. Raunar staðfesta nýjustu tölur að engin tengsl séu þar á milli. Enn síður eru til

gögn sem sýna fram á að ríkiseinokun tryggji lýðheilsu. Þvert á móti sýna rannsóknir að lönd með frjálsa áfengisverslun eru með minni heilbrigðisvanda tengdan áfengi heldur en lönd með ríkiseinokun. Það er áhyggjuefni að embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið virðast oft byggja stefnumótun sína á túlkunum sem stangast á við nýjustu rannsóknir á þessu sviði.

Þegar regla verður að óreglu

Þegar rök með lagaákvæðum eru ekki lengur til staðar missa þau gildi sitt í augum almennings. Þetta á sérstaklega við þegar verið er að takmarka athafnafrelsi fólks án sannfærandi rökstuðnings.

Reglur verða að óreglu þegar þær eru ekki lengur í takt við samfélagið sem þær eiga að þjóna. ÁTVR á sér í dag fáa formælendur utan ríkisvaldsins sjálfs og hagsmunaaðila enda sýna rannsóknir að rökin sem áður voru notuð til að réttlæta einokun standast ekki skoðun.

Stjórnvöld vörðu við því að fólk fengi að kaupa leskeraugu í Hagkaup kannski til þess að almenningur sæi ekki hlutina í réttu ljósi. Nú sér folkið hlutina í réttu ljósi en stjórnvöld eru enn með ómeðhöndlaða sjónskerðingu þegar kemur að frjálsum markaði. ♦

Myndir: DV 13. apríl 1984, bls. 1, NT 18. maí 1984, bls. 2, Morgunblaðið 19. júní 1983, bls. 2.

Gluggað í félagatal

Á síðasta starfsári fækkaði félögum í Lögmannafélaginu um átta; úr 1032 í 1024 og hafa ekki verið færri síðan 2013. Nýir félagsmenn voru 28 en 32 leystu til sín eldri málflutningsréttindi. Alls fóru 68 lögmenn af félagaskrá en þar af felldi sýslumaður niður réttindi eins lögmans að kröfu félagsins þar sem hann uppfyllti ekki skilyrði 12. gr. lögmanna laga nr. 77/1998.

Lögmenn með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum eru 645 en þar af hefur 101 lögmaður réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti og 277 lögmenn með réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. 15

félagsmenn öðluðust réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti á starfsárinu og fimm fyrir Hæstarétti.

Alls eru 578 lögmenn sjálfstætt starfandi og 145 fulltrúar. Hjá fyrirtækjum og stofnunum starfar 261 lögmaður, þar af 73 hjá ríki eða sveitarfélögum og 188 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Af þeim starfa 59 hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum.

Þá stendur fjöldi kvenna í LMFÍ í stað en konur eru 31,9% félaga, eða 327 talsins, en voru 30,2% félaga árið 2015.

Nánar má lesa í ársskýrslu LMFÍ sem verður send til félaga fyrir aðalfund.

BETRI VEFUR, ÖFLUG ÁSÝND

Við smíðum vefinn og þú tekur stjórnina, innifalin er þjónusta Stefna, hýsing og öflugt vefkerfi.

Fáðu tillögu frá okkur
án skuldbindingar

stefna.is



stefna 

Gervigreind: Lögræðin er mætt til leiks

Hinn 19. mars sl. var haldin ráðstefna í Hörpu á vegum Lagadeildar Háskólans í Reykjavík, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins og Bentt þar sem sérfræðingar úr ólíkum greinum komu saman til að ræða um áhrif gervigreindar á lög og lögræði. Á meðal gesta voru lögmenn, starfsmenn ríkisstofnana, dómara og aðilar úr fjármálageiranum en ráðstefnunni var stýrt af Berglindi Einarsdóttur, stofnanda og eiganda Bentt. Varpaði ráðstefnan ljósi á mikilvægi þess að þróa regluverk og móta stefnu sem tekur mið af hraðri þróun gervigreindar og þeim áskorunum sem henni fylgja.



Regluverk ESB og áskoranir

Lára Herborg Ólafsdóttir, lögmaður hjá LEX lögmannsstofu og aðjúntk við Lagadeild HR, fjallaði um regluverk ESB um gervigreind og fyrirséðar áskoranir. Reglugerðin, sem tók gildi í ágúst 2024, nær út fyrir Evrópusambandið svipað og persónuverndarreglugerð ESB en gert er ráð fyrir fullri innleiðingu innan aðildarlanda í ágúst 2026. Lára Herborg sagði reglugerðina setja ramma um gervigreindartækni þar sem kerfum sé skipt í fjóra flokka eftir áhættustigi: Bönnuð kerfi, hááhættukerfi, takmörkuð áhættukerfi og lítil áhættukerfi. Þá tekur reglugerðin til þjónustuveitenda, innleiðenda, innflutningsaðila og dreifingaraðila. Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB, þar sem nánar er fjallað um þau kerfi sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar, eru bæði ítarlegar og langar. Framkvæmdastjórnin hefur birt lista yfir líkön sem falla undir reglugerðina og eru viðurlög umfangsmikil.

Gervigreind og höfundaréttur

Næst tók til máls Hafliði K. Lárusson, lögmaður hjá BBA//Fjeldco og aðjúntk við Lagadeild HR, en hann fjallaði um samspil gervigreindar og höfundaréttar. Núverandi höfundalög voru sett árið 1972 en hafa sætt miklum breytingum í formi „bútasaums“ síðan þá. Þó að gildissvið laganna væri vítt, og kvæði m.a. á um sæmdarrétt, næði hún ekki yfir verk sem sköpuð væru af gervigreind sem vektu upp spurningar um höfundarétt. Að mati Hafliða er þörf á nýjum lögum til að taka sérstaklega á gervigreindarsköpun þar sem að skilgreina þurfi höfundarétt í verkum sem gervigreind skapar ásamt tímalengd verndar.

Stefna Íslands um gervigreind

Næst fjallaði Helga Hauksdóttir, lögfræðingur hjá menningar-, nýsköpunar- og háskóla-ráðuneytinu, um stefnu Íslands um gervigreind sem var sett í apríl 2021. Stefnan byggir á þremur grunnstöðum: Gervigreind í allra þágu, samkeppnishæft atvinnulíf og menntun í takt við tímann. Nú er unnið að aðgerðaáætlun sem snertir á nýjum leiðum í opinberum kerfum og heilbrigðiskerfum framtíðarinnar. Í erindi Helgu kom fram að greining á efnahagslegum tækifærum og áhrifum á störf sýni að gervigreind muni hafa mikil áhrif á rúman helming starfa, og einhver áhrif á 75% starfa, og því væri lögð áhersla á að nýta hana til að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Sérstaklega væri lögð áhersla á heilbrigðiskerfið þar sem gervigreind getur bætt starfsumhverfi, þjónustu og skilvirkni. Aftur á móti þurfi að greina þröskuldana í kerfinu og vinna að innleiðingu gervigreindar.

Samspil siðareglna og lagareglna

Í síðasta erindi fyrir kaffihlé fjallaði dr. Páll Rafnar Þorsteinsson, heimspekingur og kennari við HÍ, um mikilvægi siða- og lagareglna í tengslum við gervigreind. Siðareglur byggja á sameiginlegum gildum og hefðum en hafa takmarkað eftirlitshlutverk á meðan lagareglur miða að því að framkalla tiltekna breytni og setja lágmarksviðmið. Þar sem siðareglur væru valkvæðar, með almenn viðmið og rými fyrir túlkun og framfylgni, væru slík viðmið oft valin eða aðlöguð að starfsháttum og markmiðum tæknifyrirtækja. Að mati Páls Rafnars sköpuðu siðareglur ekki einar og sér nægilegan hvata til að tryggja staðfasta ábyrgð í notkun gervigreindar. Þær

gætu engu að síður leikið mikilvægt hlutverk í stjórnsýslu tækninnar. Samspil siðfræði og lögfræði væri sérstaklega mikilvægt í þessu tilliti enda væri siðferðilegur grundvöllur löggjafar á þessu sviði lykilatriði.



Gervigreindareglugerð ESB

Eftir kaffihlé fjölluðu dr. Timo Minssen og dr. Hannah Louise Smith frá Kaupmannahafnarháskóla um gervigreindareglugerð ESB og viku sérstaklega að áhættu sem tengist notkun gervigreindar og hefur áhrif á grundvallarréttindi. Þau líktu reglugerðinni við persónuverndareglugerð ESB að því er varðar uppbyggingu en reglugerðin tæki aftur á móti á einstökum áhættum gervigreindar í gagnavinnslu.

Dr. Timo Minssen fjallaði jafnframt um „vefskröpun“ og „gagnaskröpun“ sem eru aðferðir til að safna gögnum af vefsíðum til að þjálfa gervigreind, oft án leyfis. Hann nefndi dæmi um gervigreindarlausnina Clearview sem notaði myndir án samþykkis og væri til merkis um hversu mikil hætta getur skapast við slíka notkun. Hann benti einnig á að ítalska persónuverndarstofnunin hefði lokað tímabundið á ChatGPT vegna skorts á lagalegum grundvelli. Áhyggjur tengdust einkum áreiðanleika og dreifingu rangra upplýsinga.

Á öld gervigreindar

Dr. Katie Nolan frá Lagadeild Technological University Dublin fjallaði því næst um mikilvægi sveigjanleika og aðlögunarhæfni laga til að bregðast við tæknibreytingum. Lög dagsins í dag muni móta þann hóp sem komi helst til með að nýta sér gervigreind í framtíðinni og að mikilvægt væri að tryggja að lög stuðluðu að nýsköpun á sama tíma og þau vernduðu réttindi einstaklinga og mikilvæga hagsmuni samfélagsins. Gervigreind væri í dag annað hvort talin orsök eða lausn á mörgum vandamálum í samfélaginu og því væri mikilvægt að skoða hvernig lög geti hjálpað okkur að sigla á milli þessara tveggja póla.

Alþjóðlegar afleiðingar og stefnumótun

Loks fjallaði Taner Kuru, doktorsnemi við Tilburg háskóla, um vinnslu opinberra persónuupplýsinga á internetinu og áhrif hennar á persónuvernd og siðferði. Þrátt fyrir áskoranirnar býður vinnsla opinberra persónuupplýsinga einnig upp á mikla möguleika til nýsköpunar. Með því að nota stór

gagnasöfn til að þjálfa gervigreindarlíkön, og stór tungumálalíkön, sé hægt að þróa nýjar og spennandi lausnir sem geta haft jákvæð áhrif á samfélagið. Þetta feli í sér bættu þjónustu, aukna skilvirkni og ný tækifæri fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Gervigreindarreglugerðin krefjist þó töluverðra fjárfestinga í menntun, eftirliti og lögfræðipækkingu.

Áskoranir stjórnvalda

Ráðstefnunni lauk með ávarpi Loga Einarssonar, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, þar sem hann hvatti til ábyrgðarfullrar stefnumótunar og víðtækrar samvinnu á öllum sviðum samfélagsins. Ríkisstjórnin

hafi viðurkennt mikilvægi gervigreindar og væri skuldbundin til að taka áþreifanleg skref til að samþætta hana í ýmsum geirum. Hins vegar fylgdu hraðri þróun gervigreindar einnig fjölmargar siðferðilegar og lagalegar áskoranir, svo sem í persónuvernd, gagnaöryggi og siðferðilegri notkun gervigreindar. Logi sagði ríkisstjórnina vera meðvitaða um þessar áskoranir og ynni að því að uppfæra stefnu sína um gervigreind til að halda í við tækniframfarir. Að tryggja ábyrga og siðferðilega notkun gervigreindar væri lykilatriði til að viðhalda trausti almennings og vernda réttindi einstaklinga. ♦



Hádegisverðarfundur Lögfræðingafélags Íslands:

Gríðarlegur áhugi á gervigreind

Í febrúar síðastliðnum hélt Lögfræðingafélag Íslands hádegisverðarfund þar sem fjögur fyrirtæki, sem bjóða lögfræðingum upp á sérsniðnar gervigreindarlausnir til að leita og vinna úr lögfræðilegum gögnum, fengu tækifæri til að kynna sig. María Rún Bjarnadóttir, sviðsstjóri hjá ríkislögreglustjóra og varaformaður LÍ, stjórnaði fundi en færri komust að en vildu sem sýnir þann gríðarlega áhuga sem lögfræðingar hafa á þessari nýju tækni. Alls fjögur fyrirtæki kynntu lausnir sínar á fundinum en fljótlega eftir hann kynnti fimmta fyrirtækið sig til leiks.





Fordæmi

Róbert Helgason frumkvöðull bjó upp-haflega til Fordæmi fyrir sjálfan sig til að leita að fordæmum í dómum og úrskurðum og setti svo á netið: „Fordæmi.is sameinar íslensk og evrópsk lagaheimildasöfn í öflugu málsgreiningar- og lagaheimildarviðmóti sem er knúð af nýjustu gervigreindartækni. Það er mín hugsjón að einföld lagaheimildarleit verði ávallt ókeypis og nafnlaus en svo veiti ég áskrifendum mun ítarlegra viðmót og ferla til að greina mál á skilvirkan hátt. Greiningar-möguleikar Fordæmis eru í stöðugri þróun með nýjustu tækni sem völ er á hverju sinni,“ sagði Róbert.

Pro-áskriftin bætir við fjölda möguleika og viðmóti sem gerir notendum kleift að safna saman gögnum máls með skýrum hætti og framkvæma markvissar leitir, spjöll og greiningar. Róbert þakkaði fyrir frábærar móttökur frá opnun og yfir 4.000 leitarbeiðnir á skömmum tíma. Hann hvatti lögmenn til að fylgjast vel með enda sé þróunin afar hröð og nýir eiginleikar og einstakar heimildir verði í boði innan skamms.

Lagaviti

Jóhannes Eiríksson lögfræðingur, annar stofnenda, sagði hóp sérfræðinga vera að vinna að þróun Lagavita; þrjá reynda lögfræðinga, þ. á m. Eirík Tómasson, fyrrum



hæstaréttardómara og lagaprófessor, og fjóra forritara með reynslu af gervigreind, gagnavísindum og öryggismálum: „Við leggjum áherslu á að lausn Lagavita er hönnuð af lögfræðingum fyrir lögfræðinga. Markmiðið er að skila lögfræðilega tækri röksemdafærslu í formi vinnuskjals sem notandinn óskar eftir og stórauka þannig skilvirkni í lögfræðistörfum“, sagði Jóhannes.

Áherslur Lagavita eru gæði, öryggi og notendaupplifun. Lagaviti greinir lögfræðileg álitaefni, tekur saman viðeigandi réttarheimildir og beitir lögfræðilegri aðferðafræði. Gæði úrlausna verða slík að þau munu leiða til verulegrar skilvirkni í störfum lögfræðinga. Þá mun Lagaviti uppfylla allar þær öryggiskröfur sem þörf er á til að tryggja lögfræðingum örugga notkun lausnarinnar og tekur mið af því verklagi og vinnuumhverfi sem lögfræðingar eru vanir svo að lausnin nýtist sem best í störfum þeirra: „Lykilatriðið er að lögfræðingar geti treyst lögfræðilegum gæðum og öryggi þeirra gervigreindarhugbúnaðarlausna sem þeim standa til boða. Þar skiptir sköpum að reynslumikið lögfræðiteymi okkar fer gaumgæfilega yfir og metur úrlausnir Lagavita og sér til þess að nauðsynlegar breytingar séu gerðar tæknilega til að tryggja framúrskarandi lögfræðileg gæði og öryggi. Mikilvægt er að

stíga varlega til jarðar og vanda mjög til verka í þessari vinnu, til að tryggja að lausnin skili lögfræðingum raunverulegum vinnusparnaði á öruggan hátt“, sagði Jóhannes og hvatti fundarmenn til að setja sig í samband ef þau vildu fá dýpri kynningu á öflugum notkunarmöguleikum Lagavita.

Lögmennið

Einar Björgvin Sigurbergsson, framkvæmdastjóri, kynnti Lögmennið sem er gervigreindarlausn Fons Juris sem nýtir gagnasafn fyrirtækisins til að svara spurningum notenda. Lögmennið getur meðal annars reifað dóma, úrskurði og tímaritsgreinar og svarað spurningum byggðum á efni þeirra.

Einar lagði áherslu á mikilvægi þess að spyrja gervigreindina réttu spurninganna og byggja niðurstöður á traustum heimildum. „Lögmenni Fons Juris hefur aðgang að stærsta lögfræðilega gagnasafni Íslands og nýtir það til að svara spurningum“, sagði hann. Hann tók fram að geta Lögmennisins til að aðstoða notendur mun aukast jafnt og þétt á árinu 2025, og á næstunni mun það geta svarað spurningum úr eigin skjölum/gögnum notenda, aðstoðað við gerð lögfræðilegs texta, framkvæmt margháttaða vinnslu og margt fleira.

Lögmennið

Gervigreindin til að hjálpa lögfræðingum

- **Reiðfara dóma með hjálp gervigreindar**
Gervigreindin notast til þess að reifa dóma og úrskurði.
- **Tíma- og fjárféðingarspurningar**
Gervigreindin getur svarað spurningum um tíma- og fjárféðingarspurningar.
- **Stytta þær spurningar**
Gervigreindin getur gert þær þingstær og styttað þær til að hafa áhrif á vinnu.



Einar sagði gervigreindina vera dýrmætt tæki við lausn lögfræðilegra álitaefna en hvatti þó notendur til að treysta einnig á eigin hæfni: „Það getur tekið mörg ár að leysa ágreining og því er nauðsynlegt að allt sé rétt og að gervigreindin vísi til áreiðanlegra heimilda. Leit í fjölbreyttum gagnasöfnum og hvernig gervigreindin er spurð skiptir lykilmáli,“ sagði hann. Ekki er rukkað sérstaklega fyrir Lögmennið sem er hluti af því sem áskrifendum býðst hjá Fons Juris.

Jónsbók

Thelma Christel Kristjánsdóttir lögfræðingur, og ein af fjórum forsvarsmönnum Jónsbókar, sagði teymið á bak við Jónsbók samanstanda af sérfræðingum með reynslu í lögfræði og tækni. Jónsbók er með mörg hundruð notendur þ. á m. ráðuneyti, opinberar stofnanir, fjármálafyrirtæki og stórar og smáar lögmennsstofur. Tækni Jónsbókar byggir á þekkingarneti á milli íslenskra og evrópskra réttarheimilda en það er hægt að nýta lausnina til að fá skjót og hnitmiðuð svör við laga- legum álitamálum og skrifa tölvupósta og

annan texta. Þá er hægt að hlaða upp skjölum s.s. Word, Pdf og skönnuðum skjölum. Þá býður kerfið einnig upp á réttarheimildaleit í formi notkunareiginleika sem heitir „yfirlit réttarheimilda“ og getur útbúið fyrstu drög að skjölum með notkunareiginleikanum aðstoðarmanninum.

Jónsbók hefur meðal annars verið látin taka þrjú próf í lögfræði við eina lagadeildina og „fengið“ í einkunnir 9,0 og 9,5 á meðan meðaleinkunn nemenda var undir 6,0.

Enn eitt fyrirtækið

Auk fjögurra framangreindra fyrirtækja sem bjóða lögfræðingum landsins upp á gervigreindarlausn hefur nú fimmta fyrirtækið bæst við: Denovo, en á heimasíðu segir að fyrirtækið byggi á þeirri hugmyndafræði að lögfræðigögn ættu að vera opin og aðgengileg öllum. Fyrirtækið ætli að auðvelda aðgengi að lögfræðigögnum og valdefla notendur til að auka þekkingu sína á réttarkerfi Íslands. Það er því úr nógu að velja fyrir lögmenn landsins þessa dagana. ♦

Jónsbók

Jónsbók er gervigreind fyrir lögfræðinga sem tengir saman lög, reglur og dóma með áreiðanlegum heimildavísunum og hjálpar þannig til með að vinna lögfræðileg verkefni.

Innskrá

Fá aðgang



Gervigreindin er nýja rafmagnið

Nú á vormisseri hafa 114 manns sótt alls fimm grunnnámskeið um notkun gervigreindar fyrir lögfræðinga sem Berglind Einarsdóttir, lögfræðingur og upplýsingafræðingur hjá Bentt, hefur kennt. Berglind fór m.a. yfir muninn á því að nota ChatGPT, Gemini hjá Google og Copilot hjá Microsoft og útskýrði hvernig hægt væri að nota „bots“ eða kóða til að þrengja verkswið ChatGPT.

Berglind sagði mikilvægt að gefa gervigreindinni skýr fyrirmæli, ramma spurningar inn og vera kurteis. Lögmenn gætu til dæmis notað hana til að undirbúa sig fyrir málflutning með því að biðja gervigreindina um að koma með rök með og á móti, gera greiningar á skjölum og skýrslum, skrifa tölvupóst og fleira.

Trúnaðarsamband milli lögmanna og skjólstæðinga var rætt með tilliti til gervigreindar og farið yfir þau íslensku fyrirtæki sem bjóða lögfræðingum þjónustu. Þetta eru: Jónsbók, Lagaviti, Fordæmi, Lögmennið hjá Fons Juris og nú síðast Denovo.

Þess má geta, í tilefni af heiti þessarar greinar, að Berglind lýsti gervigreindinni eins og rafmagni. Það er þarna og verður hluti af daglegum störfum innan skamms - en ef það hverfur þá verðum við illilega vör við það. ♦

Kæra ChatGPT, getur þú verið í hlutverki gagnaðila í dómsmáli? Þú ert tryggingafélagið og ég er lögmaður gagnaðila. Skjólstæðingur minn braut Iphone-inn sinn sem er mjög verðmætur því hann er Justin Bieber og það hvarf glæný tónlist. Tjónið er því mjög mikið en tryggingafélagið neitar að borga. Af hverju?

Auðvitað, kæri lögmaður. Ég get tekið að mér hlutverk tryggingafélagsins. Hér kemur formleg svörun frá tryggingafélaginu í þessu ímyndaða dómsmáli:

Hér er skemmtilegt dæmi um hvernig hægt er að nota gervigreindina til undirbúnings í dómsmálum en svarið var of langt til að birta það í heild.

Sáttmáli Evrópuráðsins til verndar lögmennastéttinni

Í lok mars 2025 sendi stjórn Lögmennafélagsins dómsmálaráðherra bréf í tengslum við sáttmála Evrópuráðsins til verndar lögmennastéttinni, sem ráðið samþykkti fyrir á þessu ári.

Í bréfinu var bent á mikilvægi sáttmálans sem bæði eigi eftir að hafa víðtæk og jákvæð áhrif á starfsumhverfi lögmanna í aðildarríkjum Evrópuráðsins, en lögmenn hafi víða þurft að sæta áreiti, ógnunum og jafnvel árásum vegna starfa sinna. Var bent á mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld stæðu með frjálsri og óháðri lögmennastétt í Evrópu og staðfestu sáttmálann með formlegum hætti.

Í apríl 2025 samþykktu svo Norrænu lögmennafélögin að senda sameiginlega áskorun til stjórnvalda í viðkomandi ríkjum þar sem skorað var þau að staðfesta sáttmálann. Nú í byrjun maí upplýsti dómsmálaráðherra Lögmennafélagið um að íslensk stjórnvöld hefðu ákveðið að staðfesta sáttmála Evrópuráðsins og að það kæmi í hlut utanríkisráðherra að undirrita hann við formlega athöfn í Lúxemborg þann 14. maí.

*Í alvöru réttarríki eru
dómstólar síðasta vörn
alþýðufólks gegn misneytingu
og ofríki auðvaldsins.
Góðir lögmenn skipta máli.*

*AFL Starfsgreinafélag óskar
Lögmennablaðinu til hamingju
með 30 ára útgáfuafmælið.*



Innsæi skapar tækifæri

Hjá okkur starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga með þekkingu sem gerir okkur að réttum samstarfsaðila í krefjandi viðskiptaumhverfi. Að auki njótum við þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim.

Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkið okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.

 kpmglaw.is

 [kpmglawisland](https://www.linkedin.com/company/kpmglawisland)



Ný tækni mætir gömlum lagaramma

Þann 26. febrúar 2025 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 1/2025 sem snerist um hvort rafræn stefnubirting stæðist formkröfur einkamálalaga. Stefna hafði verið birt með þjónustu Justikal, þar sem móttakandi undirritaði hana með fullgildri rafrænni undirskrift og staðfesti móttöku. Hæstiréttur taldi slíka birtingu ekki uppfylla skilyrði XIII. kafla laga nr. 91/1991 og staðfesti að stefna í einkamálum verði að vera á pappír.

Hæstiréttur byggði rökstuðning sinn á eldri fordæmum og meginreglum réttarfars um form birtinga, þrátt fyrir að eIDAS-löggjöfin, innleidd með lögum nr. 55/2019, veiti

rafrænum undirskriftum sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskriftum. Í niðurstöðunni var tekið fram að réttarfarslög geri ríkar formkröfur, m.a. um birtingu stefnu og áritun hennar, sem tryggi réttaröryggi og fyrirsjáanleika í meðferð mála. Við mat á áhrifum laga nr. 55/2019 vísaði Hæstiréttur til þess að með lögum nr. 53/2024 hefði orðalagi í 83. gr. laga nr. 91/1991 verið breytt til að gera lögin tæknilega hlutlaus, án þess að fella niður skýrar formkröfur um birtingu.

Ekki var því fallist á að 1. gr. a laga nr. 91/1991 hefði verið ætlað að heimila rafræna staðfestingu stefnda á móttöku stefnu jafngilti yfirlýsingu undirritaðri með eigin hendi um að eintak stefnu hefði verið afhent stefnda. Var hinn kærði úrskurður staðfestur. Er pappír raunverulega öruggari? Samkvæmt lögum nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda getur íslenska ríkið birt stefnur rafrænt. Í lögunum kemur fram



að þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljist þau birt viðtakanda – jafnvel þótt viðkomandi hafi hvorki opnað þau né mótttekið formlega.

Í framkvæmd er þetta hinsvegar vandkvæðum bundið. Tilkynningar um ný skjöl berast stundum með töf, eða glatast ef notandi hefur skipt um netfang án þess að uppfæra það í kerfinu. Það er sérkennilegt að íslenska ríkið setji sérlög sem gilda um eigin þjónustu, eins og stafrænt pósthólf island.is, og veiti sjálfum sér mun sterkari réttaráhrif, en neiti síðan framförum frá einkamarkaðinum á grundvelli þess að um ríkar formkröfur eigi að gilda um birtingu stefna.

Við getum væntanlega verið sammála um að óyggjandi sönnun um birtingu sé grundvallarforsenda réttlátrar málsmeðferðar. Markmið XIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er einmitt að tryggja að stefnda sé ljóst að mál hafi verið höfðað á hendur honum og hvert efni þess er, auk þess sem lögin krefjast fyrirsjáanleika og festu – þannig að ekki velti á mati í hverju tilviki hvort stefna hafi verið birt með fullnægjandi hætti.

Þá vaknar sú spurning hvort það sé til hagsbóta fyrir réttarkerfið og samfélagið að halda fast í kröfur um stefnubirtingu á pappírformi í ljósi tækniframfara? Rafræn skjöl, undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift, eru óbreytanleg án þess að undirskriftin ógildist. Slíkar undirskriftir fylgja einnig fullgildir tímastimplar sem tryggja rekjanleika og öryggi og veita í reynd traustari sönnun en pappírsskjöl.

Hins vegar byggist hefðbundin eiginhandarundirritun á mati á rithönd, sem getur verið ónákvæmt og háð huglägu mati. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 40/2006 var rithandasérfræðingur fenginn til að meta áreiðanleika undirskrifa, en niðurstaðan

Slíkar undirskriftir veita traustari sönnun en pappírsskjöl

var byggð á huglägu mati þar sem talið var „ósennilegt“ að tiltekna undirskriftir væru réttar. Slíkt mat stenst ekki samanburð við þá tækni sem liggur að baki rafrænum undirritunum.

Ávinningur rafrænna birtinga

Við rafræna birtingu með öruggri gagnasendingarþjónustu Justikal er skráð með vissu hvenær skjöl eru afhent, hver auðkennir sig og hvort – og hvenær – þau eru undirrituð. Aðeins eftir að notandi hefur auðkennt sig með fullgildum rafrænum skilríkjum fær hann aðgang að skjalinu og allar aðgerðir hans skrást í atburðaskrá. Þetta veitir meiri tryggingu fyrir afhendingu og móttöku en mögulegt er með hefðbundinni afhendingu pappírsgagna.

Auk þess eru skjöl eingöngu aðgengileg þeim sem auðkenna sig með rafrænum skilríkjum og eru því betur varin gegn rangri afhendingu.

Tími til að endurskoða lögin

Í ljósi þess hversu örugg og gagnsæ rafræn stefnubirting getur verið, er ástæða til að spyrja hvort réttarkerfið eigi að halda í gamlar formkröfur sem hvorki endurspegla nútímataækni né raunveruleg öryggissjónarmið? Tæknin býður okkur upp á öruggari og skilvirkari leiðir til að birta stefnur. Er ekki kominn tími til að réttarkerfið og samfélagið í heild taki skref inn í stafræna framtíð? ♦

Skylda um endurmenntun lögmanna

Lögfræðin er lifandi fræðigrein þar sem síbreytilegt regluverk og framkvæmd hefur bein áhrif á störf lögmanna. Þannig þurfa lögmenn að fylgjast vel með þróuninni til að geta sinnt störfum sínum af heilindum og með fullnægjandi hætti.



Er gildandi skylda til endurmenntunar?

Í lögum um lögmenn er ekki að finna skyldu til endurmenntunar, en í 40. gr. a. síðareglna lögmanna kemur fram að lögmanni sé skylt að viðhalda fræðilegri þekkingu og faglegri hæfni, eftir atvikum með því að sækja sér endurmenntun, sem nauðsynleg sé til að rækja starfann.

Hér er ekki verið að skylda lögmenn til að sækja sér sérstaka endurmenntun, heldur einungis kveðið á um að þeir skuli viðhalda þekkingu og hæfni sinni. Það er hins vegar ekki útilokað að slík skylda verði lögð á lögmenn síðar en þá þyrfti að huga að ýmsum atriðum.

Hvað myndi teljast til endurmenntunar?

Við mat á þessu má til hliðsjónar líta til skyldu til endurmenntunar hjá öðrum sérfræðingum, til dæmis þeim sem hafa fengið útgefin verðbréfaréttindi. Þeim sem hafa öðlast slík réttindi er skylt að sækja reglulega endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og gildum. Samkvæmt reglugerð um verðbréfaréttindi telst þátttaka í faglegum námskeiðum, ráðstefnum og

rafrænum námskeiðum til endurmenntunar, auk kennslustarfa og fyrirlestrahalds á háskólastigi á nánar tilgreindum sviðum. Slík endur-menntun skal að lágmarki svara til sex klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Án þess að fara út í of mikil smáatriði, má velta því upp hvort tilganginum sé náð með því að skylda umrædda sérfræðinga einungis til sex klukkustunda endurmenntunar á þriggja ára fresti. Til samanburðar er slík skylda endurskoðenda að lágmarki 120 klukkustundir á hverju þriggja ára tímabili þar sem tilteknum klukkustundafjölda þarf að verja fyrir nánar tilgreind svið.

Hvað sem þessu líður er ljóst að ýmsar spurningar vakna við mat á því hvað gæti talist til endurmenntunar vegna lögmennsréttinda. Þannig má velta því upp hver tilgangurinn sé fyrir lögmann að sækja sér endurmenntun ef viðkomandi er fremsti sérfræðingur landsins í tilteknum málaflokki og hyggst eingöngu sinna þeim málum til frambúðar. Þá má rýna í hvort endurmenntunin eigi eingöngu að ná til tiltekinna réttarsviða eða atriða. Líklega yrði skyldan opin þannig að lögmennirnir sjálfir velji sér endurmenntun sem þeir telja viðeigandi, svo lengi sem það sé innan þess ramma sem yrði mótaður.

Ennfremur er ástæða til að kanna hvort að tiltekin lögmannsverkefni geti falið í sér endurmenntun, t.d. aðkoma að fordæmisgefandi máli eða þátttaka í gerð lagafrumvarpa, eða hvort öll lögmannsstörf séu í eðli sínu endurmenntun. Auk þess má spyrja hvort krafa um endurmenntun eigi að ná til allra lögmanna eða einungis þeirra sem t.d. hafa ekki haft virk réttindi í ákveðinn tíma. Loks er rétt að athuga hvort að hugmyndin um skyldu til endurmenntunar sé barn síns tíma þar sem lögmenn geta fengið margar nýjustu

upplýsingar á sviði lögfræðinnar með aðstoð gervigreindar.

Þá þarf að skoða hvað endurmenntun þurfi að svara til margra klukkustunda. Ef einungis yrði gerð skylda upp á sex klukkustundir á þriggja ára fresti gætu lögmenn fullnægt kröfunni með því einu að mæta reglulega á Lagadaginn. Aftur á móti, ef skyldan yrði að lágmarki 120 klukkustundir á sama tímabili, yrði vandasamara að fullnægja kröfunni. Það samsvarar því að sinna endurmenntun að jafnaði í rúmlega þrjár klukkustundir á mánuði. Það gæti reynst erfitt fyrir marga, enda lögmennsstarfið tímafrek iðja.

Það er því ljóst að þessi skylda getur verið íþyngjandi, en þó væri hægt að ganga lengra. Þannig væri hægt að fara þá leið að gera kröfu um sérstakt próf til að viðhalda lögmennsréttindum. Fjallað var um sambærilegt próf vegna verðbréfaréttinda í frumvarpi sem varð að lögum nr. 115/2021, en þar var ákveðið að gera ekki slíka kröfu.

Hvers vegna er verið að skylda sérfræðinga til endurmenntunar?

Þó að endurmenntun þjóni eflaust hagsmunum allra hagaðila má spyrja hvort markmiðið með skyldunni sé að vernda sérfræðinginn sjálfan, samfélagið eða skjólstæðinginn. Ólíklegt verður talið að hér sé verið að vernda sérfræðinginn sjálfan eða samfélagið. Hér er líklega verið að vernda skjólstæðinginn og stefna að því að hann fái faglega og góða ráðgjöf.

Ekki útilokað að slík skylda verði lögð á lögmenn.

Þó að lögmenn sæki sér endurmenntun leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að þeir sinni sínu starfi af meiri fagmennsku eða með betri árangri. Þeir bera eftir sem áður ríkar skyldur gagnvart skjólstæðingi sínum. Endurmenntun, þó ágæt sé, tryggir því ekki rétta niðurstöðu fyrir skjólstæðing.

Skjólstæðingar vilja að mál sín verði árangursrík og við val á lögmanni er líklegra að þeir líti til orðspors lögmanns frekar en að velta fyrir sér hvort viðkomandi lögmaður hafi lokið endurmenntun eða ekki.

Lokaorð

Þó að skylda til endurmenntunar geti verið jákvæð er borðliggjandi að ýmsar áskoranir eru til staðar. Slík skylda þarf að hafa skýrt afmarkað gildissvið með tilliti til hvað telst til endurmenntunar, hverjir þurfi að sinna endurmenntun og að hve miklu leyti.

Að mati undirritaðs er alls óvíst að slík skylda beri árangur þar sem líklegt er að markmið hennar missi marks, enda er ávinningur ekki tryggður. Skyldan samkvæmt siðareglum lögmanna ætti því að duga. ♦

Lögmennablaðið 30 ára | Árnaðaróskir

Lagadeild Háskóla Íslands

sendir Lögmennablaðinu hamingjuóskir á tímamótunum og þakkar samfylgdina síðustu 30 ár

BBA FJELDCO ehf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Skúlagötu 19
101 Reykjavík

LAG Lögmenn

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

Lögmenn Lækjargötu ehf.

Laugavegi 31
101 Reykjavík

Súðavíkurbreppur

Grundarstræti 1
420 Súðavík

Steinull hf.

Skarðseyri 5
550 Sauðárkrúki

Múlaping

Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Af vettvangi úrskurðarnefndar lögmanna¹

Árið 2024 var endurgjald lækkað í fjórum úrskurðum úrskurðarnefndar lögmanna og fundið að störfum lögmanna átta sinnum. Sjö áminningar voru veittar og þar af fékk einn lögmaður fimm. Lagt var til að sýslumaður felldi niður réttindi lögmannsins tímabundið en ekki var orðið við beiðni úrskurðarnefndar.

Metfjöldi mála

Alls bárust 64 mál til úrskurðarnefndar lögmanna árið 2024 og hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Árið 2023 bárust 51 mál sem einnig var met og tókst að ljúka 31 máli það ár en 20 mál voru afgreidd árið 2024.

Af þeim málum sem bárust nefndinni á árinu 2024 voru 16 afturkölluð en sex málum var vísað frá án úrskurðar á upphafsstigum málsmeðferðar. Tvö mál voru sameinuð og úrskurðað í 21 máli. Alls voru því 47 úrskurðir kveðnir upp á árinu 2024, samanborið við 31 úrskurð á árinu 2023.

“
47 úrskurðir kveðnir
upp á árinu 2024
”

Fundið að og áminnt

Í málum varðandi ágreining um endurgjald vegna lögmannsstarfa var það lækkað í fjórum úrskurðum. Þá var fundið að störfum lögmanna átta sinnum í sex úrskurðum í málum er lutu að kvörtunum vegna meintra brota lögmanns á lögum eða siðareglum lögmanna.

Nefndin veitti lögmönnum áminningar vegna framgöngu í starfi í sjö tilfellum í sex úrskurðum en þar af hlaut einn lögmaður fimm áminningar. Af því tilefni lagði úrskurðarnefnd til við sýslumann að málflutningsréttindi lögmannsins yrðu felld niður tímabundið til tveggja ára. Sýslumaður ákvað hins vegar að verða ekki við tillögunni. ♦

¹ Úr Ársskýrslu LMFÍ 2025

Lögmennska úr fjarlægð

„Lögmennska krefst mikillar viðveru. Eini tíminn sem lögmenn komast frá skrifstofunni er þegar dómstólar loka vegna sumarleyfa.“ Er þessi fullyrðing mýta; gamaldags viðhorf frá þeim tíma sem helstu hjálpartæki lögmanna voru ritvélar og kalkipappír? Eitt af því sem breyttist með kóvíð var að fartölvur urðu algengari með sínum innbyggðu myndavélum og mikrafónum og skyndilega voru fjarfundir á hvers manns færi. Lögmennablaðinu lék forvitni á að vita hvort lögmennska henti til fjarvinnu og fékk því sérfræðinga í lið með sér; lögmenn sem stundar starf sitt erlendis, lögmenn sem er nýkominn heim eftir rúmlega tveggja ára fjarvinnu og einn sem stundaði fjarvinnu í byrjun aldar.



Sigurður Ágústsson leigir skrifstofurými í Stokkhólmi.

„Hef ekki þurft að hafna verkefnum“

Sigurður Ágústsson lögmaður hjá Lex býr í Svíþjóð og hóf fjarvinnu þaðan árið 2024, eftir að hann lauk námi við Stokkhólmsháskóla. Helstu áskoranirnar eru félagslegi þátturinn og hann mælir með því að leigja aðstöðu í svokölluðu „co-working“ rými.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að starfa sem lögmaður á Íslandi en búa erlendis?

Ég hóf LLM nám við Stokkhólmsháskóla haustið 2023 og á sama tíma fékk konan mín, sem starfar hjá Embla Medical, tækifæri í starfi hjá norrænu samstæðu fyrirtækisins, sem er einmitt með skrifstofurými í Stokkhólmi. Eftir námið ákváðum við að staldra aðeins lengur við í Svíþjóð svo ég vinn þaðan.

Hverjar eru helstu áskoranirnar við þetta fyrirkomulag?

Fjarvinnan hefur gengið mjög vel að mínu mati. Helsta áskorunin er sú að missa úr félagslega þættinum á mínum vinnustað sem hefur alltaf verið góður. Maður hefur t.d. ekki kaffistofuna til að hitta samstarfsfólk og erfiðara er að grípa mann í tilfallandi verkefni eða álitsgjöf. Það getur einnig verið áskorun að hitta ekki viðskiptavinum og gagnaðila í eigin persónu en í langflestum tilfellum ganga öll samskipti vel í gegnum Teams eða síma.

Hvaða kostir fylgja því?

Fjarvinna hefur hentað mér ágætlega í gegnum tíðina, t.d. á árunum 2020 til 2022 þegar kóvid reið yfir. Eðli málsins samkvæmt er meiri vinnufriður og dagurinn nýtist þannig almennt betur. Þá kunnum við mjög vel við okkur í Stokkhólmi og erum þakklát fyrir tækifærið að búa erlendis með þessum hætti og fá nýtt sjónarhorn á hlutina.

Hvaða áhrif hefur það haft á starf þitt?

Áður en við fluttum út var ég mikið í málflutningi en er minna í slíkum verkefnum núna sem er helsta breytingin. Ég sinni að öðru leyti sams konar verkefnum og fyrir flutninga og hef ekki þurft að hafna verkefnum.

Hvaða aðferðir og tækni nýtir þú til að tryggja skilvirkt samband við viðskiptavinum og samstarfsfólk á Íslandi?

Fyrst og fremst nýti ég símann, tölvupóst og Teams. Það hefur gengið vel og upplifunin er sú að langflestir viðskiptavinir séu mjög vanir því fyrirkomulagi. Í rauninni eru svipaðar aðferðir sem gilda bæði erlendis og heima, s.s. að tileinka sér að bregðast hratt við fyrirspurnum og verkefnum.

Þarftu að koma til Íslands vegna vinnunnar?

Frá síðasta sumri hef ég einu sinni farið til Íslands vegna málflutnings. Við höfum þó heimsótt Ísland reglulega á meðan við höfum dvalið hér og þá hefur verið endurnærandi að mæta á skrifstofuna.

Hvaða ráð myndir þú gefa öðrum lögmönnum sem íhuga að fara sömu leið?

Ég myndi mæla með að leigja aðstöðu í „co-working“ skrifstofurými sem hjálpar til félagslega. Ef maður er á Norðurlöndunum er þetta einnig gott tækifæri til að læra viðkomandi tungumál betur. Ég mæli einnig með að reyna að kynnast lögfræðisamfélaginu á viðkomandi stað, s.s. að mæta á ráðstefnur og aðra viðburði. ♦



Teitur Gissurarson í vinnuaðstöðu sinni í Kaupmannahöfn.

„Dýrmætt að víkka út sjóndeildarhringinn“

Teitur Gissurarson er nýkominn heim eftir tveggja og hálfs árs dvöl í Kaupmannahöfn. Allan tímann var hann í fjarvinnu frá LEX og segir að einveran hafi vanist vel.

Hvað varð til þess að þú fórst erlendis?

Ástæða flutninganna var að konan mín fór í framhaldsnám í verkfræði við danska tækniháskólann. Í upphafi íhugaði ég að leita mér að vinnu úti, og ámalgaði það við mína yfirmenn, en þegar þeir buðu mér að halda starfinu og vinna í fjarvinnu tók ég því þakklátur. Planið var enda alltaf hjá okkur hjónum að enda heima á Íslandi. Ég var því feginn að geta aflað mér starfsreynslu hér heima, þrátt fyrir að vera erlendis, enda stefnan að byggja ferilinn upp á hér.

Hverjar voru helstu áskoranirnar?

Það tók örlítinn tíma að venjast því að vera í fjarvinnu. Þegar við fluttum út voru einungis þrír mánuðir liðnir frá því að ég útskrifaðist úr lagadeildinni, svo ég var enn þá að finna fjölinna mína innan stofunnar. Þá kom sér vel að ég hafði unnið sem laganemi hjá LEX í tvö ár – svo ég þekkti auðvitað alla og átti þ.a.l. kannski auðveldara en ella með að fá verkefni og kalla eftir millilandaaðstoð ef með þurfti.

Aðaláskoranirnar voru tvíþættar. Annars vegar tók tíma að venjast einverunni. Ég var með góða skrifstofuaðstöðu heima og þurfti því ekki að fara út úr húsi, en félagsskapurinn var á móti ekki mikill, eins og gefur að skilja. Það vandist þó ágætlega, en undir það síðasta var ég orðinn ögn þreyttur á því að hádegishléið færi stundum bara í að borða rúgbrauð með spægipylsu yfir vaskinum í eldhúsinu og halda svo áfram að vinna. Það er óneitanlega gott að geta spjallað við góða vinnufélaga um eitthvað annað en vinnuna.

Hins vegar gat stundum reynt á, þegar fram liðu stundir og ég var farinn að starfa meira í kringum rekstur dómsmála, að skipuleggja sig í kringum aðstæður þar sem þurfti að mæta í eigin persónu. Þá kom sér vel að eiga góða vinnufélaga sem gátu mætt í fyrirtökur o.þ.h. Einnig voru dómara liðlegir við að leyfa mér að mæta í gegnum fjarfundabúnað ef það átti við og hentaði.

Allt gekk þetta þó vel og þegar ég hafði vanist einverunni fór ég líka að sjá ýmsa kosti við þetta fyrirkomulag, sem er jafnvel ögn erfitt að missa nú þegar ég er kominn til baka á kontórinum í Borgartúni. Fyrir það fyrsta var t.a.m. jafnan auðveldara að halda utan um skráningu tíma og lenda ekki eftir á með það. Það að geta verið byrjaður að vinna

korteri eftir að maður vaknar, án þess að þurfa að koma sér á milli staða, og geta svo unnið skilvirkt og án truflunar, vandist vel – og olli því að ég var sjaldnast í vandræðum með að ná góðri tímaskráningu. Sömuleiðis vandist afar vel að vera staddur heima um leið og vinnudegi lauk, og geta t.d. verið kominn út í göngu- eða hlaupatúr, út í búð eða byrjaður að elda kvöldmat, örfáum mínútum eftir að síðasti tölvupóstur dagsins var sendur.

Hvaða áhrif hefur það haft á starf þitt að vera staðsettur erlendis?

Ég man t.d. ekki eftir að hafa þurft að neita verkefnum vegna búsetunnar erlendis, en vissulega fékk ég, sem fulltrúi, lungann úr mínum verkefnum frá mínum yfirmönnum, svo hugsanlega hefur mér ekki verið úthlutað einhverjum verkefnum. Það var hins vegar alltaf gaman þegar til mín var sérstaklega leitað vegna tenginganna í Danmörku og dönskukunnáttu – sem jókst vitaskuld þegar leið á dvölina ytra. Ég man t.a.m. eftir að hafa farið oftar en einu sinni á bókasöfnin í borginni í heimildaleit vegna einhverra mála hér heima, og að hafa stigið inn í mál þegar það þurfti að vera í samskiptum á dönsku, t.d. við stjórnvöld.

Hvernig nýttir þú tæknina til að halda sambandi við viðskiptavinum og samstarfsfólk á Íslandi?

Svo sem bara á þann máta sem flestir þekkja. Síminn er alltaf við höndina, og svo nýtti ég Teams þegar þurfti. Ég var fljótlega farinn að átta mig á því að eftir kóvid tímabilið er það orðið svo sjálfsagt að vera í samskiptum yfir netið að fólk var ekkert að velta því fyrir sér að maður legði til að taka fjarfund. Mig grunar því að sumir hafi ekkert vitað að þeir væru á

fundi með manni í útlöndum – enda skipti það engu máli.

Þurftir þú að koma til Íslands vegna vinnunnar?

Já, það kom fyrir að ég þurfti að skjótask heim, þegar líða tók á dvölinu og ég var farinn að taka að mér málflutning fyrir dómstólum í meira mæli.

Hvaða ráð myndir þú gefa öðrum lögmönnum sem íhuga að fara sömu leið?

Ég var oft spurður út í einveruna og hvort það væri ekki erfitt að vera alltaf heima. Hins vegar kom það mér á óvart hvað heimavinnan vandist vel og eftir u.þ.b. hálf ár fannst mér það ekkert mjög þungur baggi að bera, þó svo að ég hafi ekki viljað starfa í fjarvinnu að eilífu. Með það í huga myndi ég ráðleggja lögmönnum að vera ekki hræddir við að prófa, ef það er það sem menn á annað borð hræðast. Auðvitað er það einstaklingsbundið hvernig fólk upplifir slíka vinnu, en getur líka boðið upp á ýmsa kosti og tækifæri. Þegar allt kemur til alls var þetta yndislegur tími. Okkur fannst frábært að búa í Kaupmannahöfn og dýrmætt að hafa fengið að reyna nýja hluti og víkka sjóndeildarhringinn. ♦



„En fyrst þú ert vaknaður ...“

Einar Baldvin Árnason lögmaður hjá BBA//Fjeldco bjó í Bandaríkjunum og var í fjarvinnu frá lögmannsstofunni árin 2005-2010. Í baksýnispeglinum sér hann kosti við tímamismuninn þótt næturrhringingar hefðu truflað svefninn.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að starfa sem lögmaður á Íslandi en búa erlendis?

Eiginkona mín var í framhaldsnámi í læknisfræði og þess vegna fluttum við út. Þetta gekk allt saman mjög vel og ég tók samhliða þessu líka LL.M gráðu í Bandaríkjunum.

Hvernig nýttir þú tæknina til að halda sambandi við viðskiptavinum og samstarfsfólk á Íslandi?

Við notuðum mest símafundi þar sem allir hringdu inn í „fundarherbergi“ símafyrirtækisins, en Skype var líka að byrja þarna og það var eitthvað notað. Kerfin voru ekki jafn nettengd og þau eru nú og því var þetta aðeins þyngra í vöfum en það er í dag.

Hverjar voru helstu áskoranirnar?

Áskoranirnar tengdust helst fjarlægðinni og tímamismuninum en að sama skapi voru líka kostir samfara því, sér í lagi vegna tímamismunarins. Þegar var komið fram á kvöld á Íslandi sat ég við vinnu og þegar vinnufélagarnir komu til vinnu morguninn eftir höfðu verkefnið potast áfram. Ég var vanur að taka símtölin fyrir hádegi og svo



*Einar Baldvin Árnason haustið 2009
á NFL leik hjá Green Bay Packers*

hafði maður venjulega frið frá símanum eftir hádegið og gat unnið án truflunar sem gerði vinnuna oft mun „próduktífari“.

Vegna tímamismunarins, sem var fimm til sex tímar, kom hins vegar reglulega fyrir að viðskiptavinir hringdu í mig um miðja nótt. Þeir áttuðu sig venjulega á stöðunni þegar þeir heyrðu svefndrukkið svarið, en það kom þó reglulega fyrir að viðkomandi sagði: „Fyrirgefðu, ég steingleymdi tímamismuninum, en fyrst þú ert vaknaður...“

Þurftir þú að koma til Íslands vegna vinnunnar?

Já, ég kom reglulega og var þá venjulega í nokkrar vikur í einu.

Hafði þessi fjarvera áhrif á starf þitt til langframa?

Nei, það held ég ekki. Ég mætti bara aftur á kontórinna fimm árum síðar og hélt áfram og er hér enn! ♦



LANDSLÖG
Sterk liðsheild síðan 1971

Norræn ráðstefna um verktakarétt

Dagana 30.-31 janúar sl. sótti hópur Íslendinga ráðstefnu á sviði verktakaréttar í Lundi í Svíþjóð. Ráðstefnan var hugsuð sem eins konar upphaf frekari samvinnu milli Norðurlandanna á þessu sviði en hún hafði legið niðri síðustu áratugi. Þema ráðstefnunnar í ár var „Regulating Disruptions in Nordic Construction Contracts“.

Í stuttu máli má segja að viðfangsefni ráðstefnunnar hafi hverfst um allar truflanir sem koma upp á verk tíma, m.a. vegna verðhækkana eða annarra ófyrirséðra atvika. Þannig var á ráðstefnunni velt m.a. upp spurningum um með hvaða hætti væri fjallað um truflanir af þessum toga í stöðlum einstakra landa og hvaða lærdóm mætti draga af mismunandi nálgun á slíka reglusetningu. Jafnframt var sérstaklega vikið að álitaefnum um úrlausn ágreiningsefna milli verkkaupa og verktaka um ófyrirséð jarðvegsskilyrði (e. ground conditions). Enn fremur var fjallað um þýðingu samstarfsskyldunnar í þessu tilliti.

Megintilgangur ráðstefnunnar var að tengja saman annars vegar fræðasamfélagið og hins vegar beina þátttakendur í verktakarétti, svo sem lögmenn og fulltrúa fyrirtækja í mannvirkjagerð, frá öllum Norðurlöndunum. Slík tenging væri þannig til þess fallin

að auðga og þróa frekar verktakarétt innan hvers lands. Samsetning íslensku sendinefndarinnar endurspegladi þessa áherslu þar sem alls átta sérfræðingar á sviði verktakaréttar tóku þátt, bæði úr hópi lögmanna og fræðimanna, sem og tveir starfsmenn verkfræðistofunnar EFLU. Fulltrúar íslensku sendinefndarinnar létu ekki sitt eftir liggja í dagskrá ráðstefnunnar. Þannig gerði Fjölur Ólafsson, lögmaður á LEX lögmannsstofu, grein fyrir því hvernig truflanir sem koma upp á verk tíma eru reglusettar í íslenska staðlinum ÍST 30. Víðir Smári Petersen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, var með erindi um norræna samannburðarrannsókn á verðhækkunum vegna ófyrirséðra atvika sem hann hefur unnið að ásamt norrænum kollegum sínum. Þá var Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður á Landslögum lögfræðistofu, með erindi um

áhættu af ófyrirséðum jarðvegsskilyrðum samkvæmt ÍST 30 og réttarframkvæmd hér á landi. Loks tóku Jóhannes Karl og Víðir Smári jafnframt þátt í pallborðsumræðum.

Samandregið er ljóst að þótt norrænu staðlarnir á sviði verktakaréttar séu á margan hátt afar ólíkir var ráðstefnan skýr vitnisburður

þess að þau vandamál sem koma upp á sviði verktakaréttar eru í grunninn hin sömu á öllum Norðurlöndunum og því tvímælalaust gagnlegt fyrir íslenska sérfræðinga á þessu réttarsviði að bera saman bækur við norræna kollega. Næsta ráðstefna er fyrirhuguð árið 2027. ♦



Íslenska sendinefndin glaðbeitt í ráðstefnulok. Frá vinstri: Ólafur Ágúst Ingason (EFLA), Gunnar Atli Gunnarsson (Landslög), Víðir Smári Petersen (HÍ), Sigurður Ágústsson (LEX), Hildur Ýr Viðarsdóttir (Landslög), Fjölfnir Ólafsson (LEX), Sindri Guðmundsson (EFLA) og Jóhannes Karl Sveinsson (Landslög).

Breytt fyrirkomulag við úthlutun þrotabúa

Í ársbyrjun 2024 gaf dómstólasýslan út nýjar reglur um skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum, nr. 5/2024.

Í þeim er kveðið á um sérstaka skrá yfir skiptastjóra og að birta eigi upplýsingar í byrjun hvers árs um hversu mörgum búum hverjum skiptastjóra hefur verið falið að skipta á árinu á undan, hjá hvaða dómstól og í hversu mörgum búum hver skiptastjóri hefur ekki tilkynnt skiptalok fyrir árslok. Í þessari grein verður rýnt í tölur og farið yfir hvernig til hefur tekist.

Skrá yfir skiptastjóra

Dómstólasýslan heldur skrá um hæfi lögmanna til að gegna skiptastjórn, í hvaða búum þeir hafa fengið skipun og hvenær, í hvaða flokki búin eru og skiptalok. Þá er einnig haldið utan um athugasemdir og kvartanir við framkvæmd skipta í skránni og hvers eðlis þær eru.

Alls voru 446 lögmenn á skránni 2024 en 287 lögmönnum, eða 65% þeirra, var falið að skipta þeim 994 búum sem komu til gjaldþrotaskipta á árinu.

Reglurnar kveða m.a. á um að þegar krafist er gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga og lítilla fyrirtækja skuli fjórum búum úthlutað í einu til sama skiptastjórans, ef mögulegt er, en þeir 159 lögmenn sem ekki fengu úthlutað búi á síðasta ári fá væntanlega úthlutun á árinu 2025.

Þrotabú eftir dómstólum

Héraðsdómur Austurlands

14 bú til 7 lögmanna, þar af bjuggu 5 á svæðinu.
6 karlar = 12 bú | 1 kona = 2 bú.

Héraðsdómur Norðurlands eystra

55 búum til 16 lögmanna, þar af bjuggu 14 á svæðinu.
11 karlar = 38 bú | 5 konur = 17 bú.

Héraðsdómur Norðurlands vestra

9 búum til 3 lögmanna sem bjuggu öll á svæðinu.
2 karlar = 6 bú | 1 kona = 3 bú.

Héraðsdómur Reykjavíkur

536 búum til 170 lögmanna sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.
118 karlar = 369 bú | 52 konur = 167 bú.

Héraðsdómur Reykjaness

271 búi til 97 lögmanna sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.
64 karlar = 179 bú | 33 konur = 92 bú.

Héraðsdómur Vestfjarða

18 búum til 7 lögmanna, enginn bjó á svæðinu.
6 karlar = 17 bú | 1 kona = 1 bú.

Héraðsdómur Vesturlands

24 búum úthlutað til 8 lögmanna þar af bjuggu 3 á svæðinu.
8 karlar = 8 bú

Héraðsdómur Suðurlands

68 búum til 28 lögmanna þar af bjuggu 3 á svæðinu.
26 karlar = 65 bú | 2 konur = 3 bú.

Litlu og stóru búin

Protabúum er skipt í tvo flokka; bú einstaklinga og minni lögaðila og svo stærri bú lögaðila sem hafa verið með fleiri en fimm starfsmenn á launaskrá og yfir 150 milljóna króna árlega veltu. Fjögur protabú stærri lögaðila komu til úthlutunar á árinu 2024 og var eingöngu körlum falið að skipta þeim.

Aðeins þeir lögmenn sem hafa réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti, hafa lokið farsællega skiptum á að minnsta kosti tíu protabúum án alvarlegra aðfinnsla og hafa ekki farið á svig við ákvæði laga um gjaldprotaskipti nr. 21/1991, eiga þess kost að fá úthlutað protabúi stærri lögaðila.

Opin bú um áramót


Alls voru 736 protabú opin í ársbyrjun 2025 en um 230 þeirra höfðu verið undir skiptum í meira en eitt ár. Skiptastjórar sem ekki hafa tilkynnt skiptalok einu ári eftir úthlutun í tveimur eða fleiri umfangsmiklum búum, eða í fjórum búum alls, fá ekki

Eingöngu körlum
falið að skipta
stærri protabúum

úthlutað nýjum búum fyrr en þeir hafa lokið skiptum en undanþága er þó veitt ef skiptastjórar gefa fullnægjandi skýringar á drættinum.


Héraðsdómara er ætlað að horfa til þeirrar reynslu sem fengist hefur af störfum skiptastjóra, þ.m.t. hvort dráttur hafi orðið á lokum skipta sem ekki hafi verið skýrður með fullnægjandi hætti og hvort kvartanir hafi borist yfir störfum skiptastjóra sem ekki er hægt að vísa á bug sem haldlausum. Ef alvarlegar aðfinnslur hafa verið gerðar, sem eru á rökum reistar, fær skiptastjóri ekki úthlutað búi næstu þrjú árin og þarf þá jafnvel að bíða eftir því að röðin komi að honum - sem gæti orðið eftir fimm ár.

Fjöldi opinna búa um áramót 2024-2025



Um síðustu áramót var skiptum ólokið í 736 protabúum. Eins og sjá má hér fyrir ofan voru 92 lögmenn með fjögur eða fleiri bú opin en þar af var einn með 11 protabú í vinnslu.

Hlutfall kvenna sem fengu úthlutað þrotabúum eftir dómstólum 2024



Athygli vekur að á síðasta ári úthlutaði Héraðsdómur Vesturlands þrotabúum til átta karla og engrar konu. Héraðsdómur Suðurlands úthlutaði búum til 26 karla og tveggja kvenna. Héraðsdómur Austurlands úthlutaði búum til sex karla og einnar konu.


Enn sem komið er hafa engar kvartanir borist vegna skiptastjóra sem eru þess eðlis að þær komi í veg fyrir úthlutun. Þó er eitt-hvað um skiptastjóra sem ekki hafa gefið fullnægjandi skýringar vegna dráttar á skipta-lokum.

Úthlutun þrotabúa hjá héraðs-dómstólum

Áhugavert er að skoða hvernig þrotabúum var úthlutað hjá héraðsdómstólum landsins á síðasta ári. Alls fengu 45 lögmenn úthlutað búum frá fleiri en einum dómstól. Þar af fékk einn úthlutað níu búum frá tveimur dómstólum og annar úthlutað átta búum frá fjórum dómstólum.

Samkvæmt upplýsingum frá dómstóla-sýslunni hefur skráin verið notuð af öllum héraðsdómstólunum en ef einn dómstóll hefur ekki úthlutað fjórum búum til sama skiptastjóra þá fyllir næsti upp í kvótann. Jafnvel þótt allir héraðsdómstólarnir séu að nýta skrána þá eru að minnsta kosti þrír dómstólar landsbyggðar svo til eingöngu að úthluta þrotabúum til lögmanna heima í héraði. Það eru Héraðsdómur Austur-lands, Héraðsdómur Norðurlands eystra og Héraðsdómur Norðurlands vestra en samanlagt úthlutuðu þeir 78 af 995 þrota-búum ársins 2024. Að sama skapi er áhugavert að sjá að Héraðsdómur Vestfjarða úthlutaði engum búum til lögmanna heima í héraði og Héraðsdómur Suðurlands einungis átta af 68 þrotabúum. Dómstólarnir tveir á höfuðborgarsvæðinu virðast nýta skrána og ekki horfa sérstaklega til þess hvar á landinu lögmennirnir búa.

736 bú opin
í byrjun árs



Alls fengu 287 lögmenn úthlutað 995 þrotabúum á síðasta ári en um 446 lögmenn eru á skrá dómstólasýslunnar. Eins og sjá má á súluritinu var 19 lögmönnum falið að skipta einu búi en einum lögmanni var falið að skipta níu búum.

Jafnræði

Við skipun skiptastjóra er dómstólum ætlað að gæta jafnræðis milli kynja en konur voru 28% þeirra sem fengu úthlutað þrotabúum árið 2024. Í svari Guðrúnar Hafsteinsdóttur fv. dómsmálaráðherra, við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur á Alþingi, um jafnrétti milli kynja við skipun skiptastjóra í byrjun nóvember 2024 kom fram að þá voru 443 á skrá dómstólasýslunnar, þar af 316 karlar, eða 71%, og 127 konur eða 29%. Einnig kom fram að á tíu ára tímabili, frá 2. janúar 2014 til 6. nóvember 2024 var 761 lögmaður skipaður skiptastjóri í alls 12.213 þrotabúum. Þar af voru um 30% konur en þess má svo geta að hlutfall kvenna í LMFÍ er 31,7%.¹

Í lokin

Að loknu þessu fyrsta ári nýrra reglna er ljóst að dómstólasýslan hefur tekið stórt skref í átt að gagnsærri og réttlátari úthlutun þrotabúa. Héraðsdómstólarnir eru nú betur upplýstir við val á skiptastjóra og hafa aðgang að ítarlegri upplýsingum um menntun þeirra og reynslu. Auk þess hefur meira gagnsæi í úthlutunarferlinu skapað aukna ánægju meðal allra aðila, en Lögmannafélag Íslands hafði lengi gert athugasemdir við fyrri úthlutunaraðferðir og einmitt skort á gagnsæi. Þessar breytingar eru mikilvægt skref í átt að sanngirni og jafnrétti í gjaldþrotaskiptum, sem er nauðsynlegt til að tryggja traust og skilvirkni í réttarkerfinu. ♦

¹ Sjá svar Guðrúnar Hafsteinsdóttur dómsmálaráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um jafnrétti milli kynja við skipun skiptastjóra á Alþingi 26. nóvember 2024: 419/155 svar: Jafnrétti milli kynja við skipun skiptastjóra | Þingtíðindi | Alþingi

Nýjar reglur um hámarkslengd stefnu og greinargerða í einkamálum

**Stjórn dómstólasýslunnar hefur samþykkt nýjar leiðbeinandi reglur um hámarks-
lengd stefnu og greinargerða í einkamálum o.fl. nr. 5/2025.**

Markmiðið með setningu reglnanna er að stuðla að því að stefnur og greinargerðir í dómsmálum á öllum dómstigum séu hnitmiðaðar, gagnorðar og skýrar en ekki of langar og auka þannig skilvirkni við meðferð dómsmála.

Reglurnar mæla fyrir um að lýsing málsatvika, málsástæðna og lagaraka í stefnu til héraðsdóms skuli ekki vera lengri en sakarefni og umfang máls gefa tilefni til. Lýsingin skuli vera hnitmiðuð og gagnorð og að jafnaði ekki lengri en 3.500 orð (þ.e. um 8 blaðsíður). Sama hámarkslengd á við um greinargerð fyrir héraðsdómi en umfjöllun um formhlið máls samhliða efnisvörnum getur þó réttlætt lengri greinargerð. Í sérstaklega flóknum eða umfangsmiklum málum getur lýsing málsatvika, málsástæðna og lagaraka í stefnu og

greinargerð fyrir héraðsdómi verið allt að 7.500 orð (þ.e. um 18 blaðsíður) eða í algjörum undantekningatilvikum allt að 10.000 orð (þ.e. um 24 blaðsíður). Sömu viðmið eiga við um greinargerðir aðila fyrir Landsrétti og Hæstarétti.

Reglurnar mæla jafnframt fyrir um að greina skuli eins skýrlega og kostur er á milli málsatvikalýsingar annars vegar og málsástæðna hins vegar, t.d. með kaflaskiptingu á milli þeirra. Þegar mörgum málsástæðum er teft fram til stuðnings málatilbúnaði aðila skuli aðgreina þær með skýrum hætti, t.d. með því að tölusetja málsástæðurnar.

Reglurnar öðluðust gildi 1. maí sl. og eru í heild á heimasíðu dómstólasýslunnar, www.domstolar.is. ♦

Stafrænn sérfræðingur

Í byrjun árs hóf Kristín Jóna Þorsteinsdóttir störf á skrifstofu LMFÍ sem stafrænn sérfræðingur. Hennar hlutverk verður að koma félaginu í átt að nútímanum varðandi samfélagsmiðla, heimasíðu og Lögmannablað auk annarra skrifstofustarfa.

Kristín er í 40% starfi á móti sínum eigin rekstri hjá Bongo Design þar sem hún býður upp á prent- og stafrænar hönnunarlausnir, SEO og vefhönnun.

Kristín Jóna hefur lokið iðnmeistaraprófi í grafískri miðlun, diplóma frá Margmiðlunarskólanum og viðurkenndu námi í stafrænni markaðssetningu og vefstjórnun frá Akademies. Kristín Jóna hefur starfað við umbrot, hönnun, vefvinnslu og stafræna markaðssetningu ásamt greiningu á vefgögnum.

Kristín Jóna hefur um árabíl lamið húðir sem slagverksleikarinn „Stína Bongo“ en undanfarið leyst út dulda ástríðu fyrir umbroti á ársskýrslum og að flokka og greina gögn. ♦



RITARAPJÓNUSTA
Hagkvæm lausn
fyrir öll fyrirtæki

www.ritari.is

SPARAÐU TÍMA OG PENINGA

- | | |
|--|--|
|  Símsvörun |  Úthringipjónusta |
|  Bókunarþjónusta |  Ritarapjónusta |
|  Netspjall og samfélagsmiðlar |  Bókhaldspjónusta |

Nánari upplýsingar er að finna í s. 412–3200 eða á ritari@ritari.is.


30 ára afmæli Lögmannablaðs

Lögmannablaðið er í afmælisham enda 30 ár frá því fyrsta tölublað leit dagsins ljós. Hér verður fjallað um útgáfumál Lögmannafélagsins frá upphafi og gluggað í fyrsta Lögmannablaðið frá árinu 1995.

Hemlaför og Mördur

Tilurð útgáfunnar árið 1995 sagði Marteinn Másson ritstjóri, og framkvæmdastjóri LMFÍ, vera þá að félagið hefði vaxið hratt árin á undan, og aukið umsvif sín, en blaðinu var ætlað að vera vettvangur stjórnar og lögmannna til að fjalla um störf þeirra, réttindi og skyldur svo og störf ýmissa nefnda félagsins.¹ Í fyrsta tölublaði var þáverandi formaður LMFÍ, Þórunn Guðmundsdóttir, með pistil sem nefnist „Hemlaför“ og þar fjallaði hún um lögmannsstarfið og ímynd stéttar í léttum dúr - en þó með undirliggjandi þunga. Hún spurði hvort ímynd stéttar væri orðin svo slæm að menn væru farnir að skammast sín fyrir að vera lögmennt: „Þeim er gjarnan líkt við ýmsar tegundir úr dýraríkinu, svo sem skunka, snáka eða refi. ... („Hver er munurinn á dauðum skunki og dauðum lögmanni á þjóðveginum? Það eru hemlaför fyrir framan skunkinn.“) ... Ef ekkert er að gert þá gæti farið svo að lögmennt lentu á lista yfir dýrategundir, sem eru í útrýmingarhættu,

¹ Marteinn Másson: „Fylgt úr hlaði“ Lögmannablaðið 1. tbl. 1995, 3.



Eggert Claessen fyrsti formaður félagsins og Sveinn Björnsson fyrsti ritari og síðar formaður, á forsíðu fyrsta tölublaðs Lögmannablaðsins.

ásamt nashyrningum ...“.² Eitthvað var gert og nokkuð ljóst að ímynd lögmennastéttarinnar hefur batnað síðan þá. Áhugasömum er bent á að fletta upp á stórskemmtilegri grein Þórunnar sem er á heimasíðu félagsins.

Gluggað var í gamlar gerðarbækur í þessu fyrsta tölublaði og rifjað upp þegar Lögmannafélagið var stofnað árið 1911. Stofnfundurinn var í tvennu lagi, sá fyrri haldinn á Hótel Reykjavík 27. nóvember og sá síðari 11. desember sem hefur síðan verið hinn opinberi afmælisdagur. Elísabet Guðbjörnsdóttir skrifaði grein um „ESB-stólpann og EES-flísina“ og Guðmundur Ingvi Sigurðsson velti upp hvort skylduaðild að félaginu væri af hinu góða eða illa. Þá skrifaði Sif Konráðsdóttir grein um svokallað net og taldi upp gagnlegar heimasíður fyrir lögmenn.

Í þessu fyrsta tölublaði leit Mördur lögmáður dagsins ljós. Mördur átti að kynna siðareglur lögmanna á gamansaman hátt og það tókst svo bærilega að hann öðlaðist sjálfstætt líf á síðum blaðsins og fór ekki á eftirlaun fyrr en aldarfjórðungi síðar. Mördur var stórgallaður lögmáður, bæði drykkfelldur og sjálfhverfur, fáum líkur þótt kannski sumir lögmenn hafi fundið smá „Mörð“ í sér á köflum.

Að heiman riðið – fyrri útgáfur

Árið 1995 markar síður en svo upphaf útgáfu á vegum Lögmannafélags Íslands og raunar höfðu hugmyndir um útgáfu verið á lofti frá því árið 1918 er Ólafur Lárusson ræddi á fundi um að félagið beitti sér fyrir útgáfu blaðs. Einnig var rætt um útgáfumál árin 1930 og 1937 þótt ekkert yrði úr en árið 1950 fól aðalfundur




Tímarit lögfræðinga var gefið út af Lögmannafélagi Íslands 1951-1960. Fyrsti ritstjóri þess var dr. Einar Arnórsson fv. hæstaréttardómari.

stjórn að hefja útgáfu lögfræðitímarits. Ári síðar kom Tímarit lögfræðinga út í fyrsta sinn en útgáfa þess var í höndum LMFÍ til ársins 1960 er Lögmannafélag Íslands, sem hefði verið stofnað tveimur árum fyrr, tók við.³

Blað lögmanna kom út í febrúar 1962 en því var ætlað að verða stéttarblað starfandi lögmanna, málsvari þeirra, og stóð til að gefa það út fjórum sinnum á ári. Í formála fyrsta tölublaðs segir: „Að heiman riðið er nú með þetta fyrsta blað. Lengi hefur verið að beizla og girða. Dvalizt og áð við val og föngum

² Þórunn Guðmundsdóttir: „Hemlaför“ Lögmannaþaðið 1. tbl. 1995, 4.

³ Davíð Þór Björgvinsson: “Lögmannafélag Íslands 90 ára – söguágrip” Tímarit lögfræðinga 4/2001, 304-305.



Blað lögmanna kom út árin 1963-1965 en í ritstjórn voru þeir Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Sigurjónsson og Þorvaldur Ari Arason.

forms og efnis.⁴ Fjögur tölublöð komu út á næstu þremur árum en svo ekki söguna meir.

Félagsblað Lögmannafélags Íslands kom út í nokkur ár í byrjun áttunda áratugarins en svo kom Fréttabréf LMFÍ út samfellt frá árinu 1981 til 1995 þegar efni og ástæður þóttu til.⁵

Tvö blöð á ári hér eftir

Marteinn Másson framkvæmdastjóri LMFÍ var fyrsti ritstjóri Lögmannaþaðsins og þegar hann fylgdi því úr hlaði upplýsti hann að ætlunin væri að gefa blaðið út sex sinnum á ári. Það var þó aldrei raunin og til ársins 2002

var blaðið gefið út þrisvar til fimm sinnum hvert ár en eftir það fjórum sinnum. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að gefa blaðið út tvisvar á ári og hafa Lögmannaþaðið sem lifandi fjölmiðil þess á milli á heimasíðunni www.logmannabladid.is.

Strax í upphafi var blaðinu dreift meðal lögfræðinga í réttarkerfinu og opinberra stofnanna auk lögmanna. Hefur svo haldist alla tíð síðan. Ætlunin er að leggja meira upp úr útgáfu á netinu hér eftir en blaðið verður þó áfram prentað í takmörkuðu upplagi eins og undanfarin ár.

Ritstjórar frá upphafi

- Marteinn Másson 1995 - 1998
- Björn L. Bergsson 1999 - 2000
- Jóhannes Karl Sveinsson 2000 - 2002
- Þórður Bogason 2002 - 2004
- Guðrún Björg Birgisdóttir 2004 - 2006
- Hrafnhildur Stefánsdóttir 2006 - 2008
- Borgar Þór Einarsson 2008 - 2011
- Árni Helgason 2012 - 2014
- Þyri Steingrímsdóttir 2015 - 2016
- Eva Halldórsdóttir 2017 - 2019
- Daniel Isebarn Ágústsson 2019 - 2021
- Ari Karlsson 2021 - 2024
- Unnur Lilja Hermannsdóttir 2025

⁴ „Að heiman riðið“ Blað lögmanna 1. tbl. febrúar 1963, 1.

⁵ Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannaþað Íslands 90 ára – söguágrip“ Timarit lögfræðinga 4/2001, 304-305.

Nýir lögmenn útskrifast

Í apríl síðastliðnum útskrifuðust 18 lögfræðingar af námskeiði til öflunar málflutningsréttinda en líkt og áður hafði Lögmannafélagið umsjón með framkvæmd þess.

Alls 42 lögfræðingar sátu námskeiðið, sem stóð frá febrúar til apríl, en á fyrra námskeiði starfsársins, sem haldið var frá september til nóvember 2024, náðu 12 lögfræðingar tilskyldum árangri af 32 þátttakendum.

Alls luku því 30 lögmannsefni tilskyldum árangri í vetur - 18 karlar og 12 konur, eða 40,5% þeirra sem skráð voru til þátttöku.

Þátttakendur hafa:

- Tileinkað sér almenna þekkingu á íslenskum lögum til að geta stundað lögmannsstörf.
- Öðlast þjálfun við að leysa úr helstu álitaeftum sem koma til kasta lögmanna.
- Öðlast þjálfun við að flytja mál fyrir dómi og leysa af hendi önnur lögmannsstörf.
- Öðlast þekkingu á hlutverki lögmanna, réttindum þeirra og skyldum.
- Kynnst starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna.



Hver/Hvað/Hvert

HRL - RÉTTINDI

Bragi Dór Hafþórsson
Embætti ríkislögmanns,
Hverfisgötu 4-6, 101
Reykjavík

Skúli Sveinsson
Lögvernd lögmansstofa,
Ármúla 15,
108 Reykjavík

LRL - RÉTTINDI

Fjölur Ólafsson
LEX lögmansstofa,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

Hilmar Garðars
Þorsteinsson
Málsvari lögmansstofa,
Laugavegi 182,
105 Reykjavík

Ólafur V. Thordersen
Íslenska málflytningsstofan,
Klapparstíg 25-27,
101 Reykjavík

Sigrún Jóhannsdóttir
Lögvis lögmansstofa,
Skiptiholti 50D,
105 Reykjavík

Sigurgeir Valsson
Landslög slf.,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

HDL - RÉTTINDI

Arnar Óli Björnsson
Skatturinn,
Katrínartúni 6,
105 Reykjavík

Aþena Valý Orradóttir
Fulltingi,
Höfðabakka 9,
110 Reykjavík

Birgir Ólafur Helgason
LOGOS lögmansþjónusta,
Efstaleiti 5,
103 Reykjavík

Dagmar Helga Einarsdóttir
Landslög,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

Dagur Fannar Jóhannesson
Juris,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

Gunnar Trausti Eyjólfsson
LMG lögmenn,
Garðastræti 37,
101 Reykjavík

Haraldur Andrew Aikman
LOGOS lögmansþjónusta,
Efstaleiti 5,
103 Reykjavík

Kristín Anna Arnalds
Fulltingi,
Höfðabakka 9,
110 Reykjavík

Líney Dan Gunnarsdóttir
JS lögmansstofa,
Lágmúla 7,
108 Reykjavík

ENDURÚTGEFIÐ

Ásgerður Þórunn
Hannesdóttir
KPMG Law,
Borgartúni 27,
105 Reykjavík

Benedikt Smári Skúlason
Cicero lögmansstofa,
Síðumúla 13,
108 Reykjavík

Bríet Sveinsdóttir
Skatturinn,
Katrínartúni 6,
105 Reykjavík

Brynja Björg Halldórsdóttir
Háskóli Íslands,
Sæmundargötu 2,
112 Reykjavík

Eiríkur Benedikt Ragnarsson
EB Legal ehf.,
Skiptiholti 50C,
105 Reykjavík

Elínborg Jónsdóttir
BBA Fjeldco,
Katrínartúni 2,
105 Reykjavík

Gunnar Viðar
Brú lífeyrissjóður,
Sigrún 42,
105 Reykjavík

Ólafur Klein
Latham & Watkins LLP,
Brussel,
Belgíu

Þorbjörn Björnsson
Lögmál ehf.,
Skólavörðustíg 12,
101 Reykjavík

Sóley Ragnarsdóttir
Embætti ríkislögmanns,
Hverfisgötu 4-6,
101 Reykjavík

Úlfar Freyr Jóhannsson
Réttindi lögmansstofa,
Höfðabakka 9,
110 Reykjavík

NÝR VINNUSTAÐUR

Aðalheiður Kristjánsdóttir
Velferðarsvið
Akureyrarbæjar,
Glerárgötu 26,
600 Akureyri

Benedikt Smári Skúlason
Cicero lögmansstofa,
Síðumúla 13,
108 Reykjavík

Hólmfríður K. Kjartansdóttir
Sjóvá-Almennar tryggingar
hf.,
Kringlunni 5,
103 Reykjavík

Jón Páll Hilmarsson
Embætti borgarlögmanns,
Ráðhúsi Reykjavíkur,
Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík

Ragnheiður Margrét
Ólafsdóttir
RMÓ lögfræðipjónusta ehf.,
Furugerði 8,
108 Reykjavík

Saga Ýrr Jónsdóttir
Saga legal,
Suðurlandsbraut 4a,
108 Reykjavík

Samúel Gunnarsson
Rapyd Europe hf.,
Dalshrauni 3,
220 Hafnarfirði

Snædís Björt Agnarsdóttir
Samkeppniseftirlitið,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík

Unnur Erla Jónsdóttir
Deloitte Legal ehf.,
Dalvegi 30,
201 Kópavogi

Þórir Helgi Sigvaldason
Cicero lögmansstofa,
Síðumúla 13,
108 Reykjavík

NÝTT HEIMILISFANG

LMG lögmenn,
Skólavörðustíg 25,
101 Reykjavík

Griffon - málf lutningur og
ráðgjöf,
Óðinsgötu 4,
101 Reykjavík

Codexnova,
Suðurlandsbraut 6,

108 Reykjavík

Réttarfar ehf.,
Skipagötu 14,
600 Akureyri

Bonafide lögmenn,
Hverfisgötu 96,
101 Reykjavík

Borgarlögmenn - Holm &
Partners,
Seljugerði 1,
108 Reykjavík

PORSCHE



Rafmagnaður kraftur. Einstök upplifun.

Nýr Macan.

Tímalaus hönnun Porsche mætir rafmagnaðri nýsköpun með allt að 612 km drægni*, öflugu fjórhjóladrifi og 408 hestöflum. Einstakir aksturseiginleikar, framúrskarandi afl og fyrsta flokks þægindi.

Macan 4 - Verð 14.950.000 kr.

*Samkvæmt WLTP miðað við blandaðan akstur.

